



SKOÐUN Kannski veit Ásmundur ekkert um bókmenntir þótt hann tjái sig um þær, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Einar Leif Nielsen hefur sent frá sér vísindaskáldsöguna í hvítum múrum borgarinnar. **30**



SPORT Danir hlupu á spænskan vegg í úrslitaleiknum gegn Spáni á HM í handbolta í gær. **24**

FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990**
MIKIÐ ÚRVAL – YFIR 50 GERÐIR
TÖLVU LISTINN
MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
28. janúar 2013
23. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

FRÉTTIR



Hörmungar í Brasilíu

Að minnsta kosti 230 ungmenni fórust þegar eldur kom upp á skemmtistað í Santa Maria, syðst í Brasilíu, í fyrrinótt. Að sögn vitna kviknaði eldurinn út frá blysum og flugeldum á sviðinu. **10**

Auðmenn í sigtinu Ögmundur Jónasson hefur látið smíða frumvarp til að hindra erlenda auðkýfinga í að safna sér fasteignum á Íslandi. **4**

LHÍ tapar miklu Listaháskóli Íslands tapaði 85 milljónum í fyrra. Eigið fé er nú neikvætt um 76 milljónir. **6**

Ævintýrleg veiði Norðmenn eru í vanda vegna þess hversu mikið veiðist af þorski í Barentshafi. Þeir íhuga að ala þorskinn áfram. **8**



Bolungarvík	1°	NA20
Akureyri	0°	NA13
Egilsstaðir	2°	NA14
Kirkjubæjarkl.	2°	NA 9
Reykjavík	3°	A 9

HVASST Norðaustan og austan 15-23 m/s NV-til og á annesjum N-lands. Snjócoma eða slydda N- og A-til en annars úrkomulítið. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Atvinnumiðlun | Bílskúrshurðir | Fólk



Netmarkaður Forlagsins
www.forlagid.is
– alvöru bókaþú á netinu
allt að **65% afsláttur!**

53 bæjarfélög munu fá ljósnet á þessu ári

Hundrað þúsund heimili munu hafa aðgang að háhraðaneti í lok ársins. Síminn hyggst eyða hundruðum milljóna í að tengja 40.000 ný heimili, flest á Austurlandi.

FJARSKIPTI Síminn ætlar að leggja ljósnet á 53 stöðum á landsbyggðinni á árinu. Fyrirtækið stefnir að því að tengja hátt í 40 þúsund ný heimili við ljósnetið sitt fyrir lok árs.

„Við höfum verið að byggja þetta upp og erum búin að tengja 62 þúsund heimili á suðvesturhorninu,“ segir Sævar. Hann segir að upphaflega hafi staðið til að tengja fyrst suðvesturhornið en vegna eftirspurnar hafi verið ákveðið að tengja landsbyggðina um leið. „Við ætlum að klára þessi 53 bæjarfélög áður en þetta ár er liðið,“ bætir Sævar við.

Flestir staðirnir eru á Austurlandi, eða tólf, en næstflestir á Vestfjörðum. Verkefnið mun kosta um 40 þúsund krónur á

Hvað er ljósnet?

Ljósnetið er ekki eins og hefðbundinn ljósleiðari. Ljósnetið virkar þannig að ljósleiðarinn er aðeins tengdur í símsstöð eða götuskáp og þaðan er internetið tengt inn á heimili um koparvíra. Þegar heimili eru ljósleiðara-tengd er ljósleiðarinn tengdur beint inn í hús.

Búnaðurinn sem settur er upp í götuskápunum eða símsstöðunum leyfir mun meiri nethraða inn á heimili í innan við kílómeters fjarlægð.

Sævar Freyr segir framþróunina í þessari tækni vera gríðarlega hraða svo innan nokkurra ára lengist sú vegalengd sem koparvírar geta flutt gögn án þess að missa hraðann á netinu.

hvert heimili svo ljóst er að kostnaður Símans hleypur á hundruðum milljóna króna.

„Við erum að koma upp mun öflugri tengingu inn í hvert bæjarfélag,“ segir hann. „Með

því að setja upp sambærilega þjónustu og við erum að gera á suðvesturhorninu færum við fólk á landsbyggðinni möguleikann á auknum hraða á netinu.“



KREFJAST JAFNRÉTTIS Mikill fjöldi fólks tók þátt í kröfugöngu í París í gær til stuðnings lagafrumvarpi um að leyfa hjónabönd og ættleiðingar samkyrnheigðra. Um 125 þúsund manns gengu fylktu liði að Bastillunni með regnbogafána og spjöld þar sem krafist var jafnréttis og að bundinn yrði endi á mismunun. Frumvarpið verður tekið til umræðu í franska þinginu á morgun.

Hljóp á snærið hjá Hrafnkeli: Vinnur hjá Damon Albarn

MENNING „Þetta er frábært tækifæri,“ segir Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson úr hljómsveitinni Captain Fufanu. Hann er nýbyrjaður að vinna sem



HRAFNKELL FLÓKI KAKTUS EINARSSON

aðstoðarmaður í Studio 13 í London, sem er hljóðver í eigu tónlistarmannsins Damons Albarn úr Blur og Gorillaz. Hrafnkell Flóki, sem er sonur Einars Arnar Benediktssonar úr Sykurmolunum, spilaði fyrst með Damon Albarn á Náttúrutónleikunum sem voru haldnir í Laugardalnum 2008. Síðan þá hafa þeir verið ágætis vinir. „Hann er alveg einstakur tónlistarmaður og listamaður, það verður ekki tekið af honum,“ segir hann spurður út í hinn heimsfræga Íslandsvin Albarn.



ANÍTA HINRIKSDÓTTIR Er handhafi fimm Íslandsmeta.

Aníta Hinriksdóttir hlaupari: Sló 32 ára met

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Aníta Hinriksdóttir, 16 ára hlaupakona úr ÍR, hélt áfram að endurskrifa metabók íslenskra frjálsíþróttará gær þegar hún bætti 32 ára gamalt met Ragnheiðar Ólafsdóttur í 1.500 metra hlaupi innanhúss aðeins viku eftir að hún sló metið í 800 metrunum.

„Ég var að stefna á þetta met í dag. Eg þurfti bara að passa mig að byrja ekki of hratt því ég er vön að keppa í styttri greinum. Það tókst alveg að fara ekki of hratt,“ sagði Aníta.

Tap fyrir EFTA-dómstólnum kostar Íslendinga 35 til 100 milljarða í vexti: Lokaniðurstaða í Icesave í dag

DÓMSMÁL EFTA-dómstóllinn kveður upp dóm í Icesave-málinu gegn íslenska ríkinu í dag, klukkan 10.30 að íslenskum tíma. Fari svo að Ísland tapi málinu gæti það kostað skattgreiðendur á bilinu 35 til 100 milljarða króna í vexti. Afgangurinn yrði greiddur úr þrotabúi Landsbankans.

Þórir Ibsen, sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu, verður viðstaddur dómuppkvaðninguna fyrir Íslands hönd.

Málið er tvíþætt: Annars vegar er deilt um hvort Tryggingarsjóður innstæðueigenda hafi brotið gegn EES-samningnum með því að greiða ekki öllum þeim sem áttu inneignir á reikningum Landsbankans í Bret-

landi og Hollandi 20.887 evra lágmarkstryggingu þegar bankinn fór í þrot haustið 2008.

Hins vegar er því haldið fram að Ísland hafi mismunað innstæðueigendum á grundvelli þjóðernis þegar Íslendingum var veittur fullur aðgangur að sínum innistæðum í endurreistum bönkum, en erlendum innstæðueigendum ekki. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði fyrir helgi að niðurstaða EFTA-dómstólsins yrði einungis ráðgefandi lögfræðileg álitserð. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, gagnrýndi forsetann harðlega fyrir þetta í gær og sagði hann fara með ósannindi.

„Ef við töpum málinu þá er ljóst að það er endanleg niðurstaða“

Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður

Hæstaréttarlögmaðurinn Lárus Blöndal, sem átti sæti í Icesave-samningsnefndinni, var sama sinnis og Árni Þór í viðtali við Stöð 2 í gær. „En ef við töpum málinu þá er ljóst að það er endanleg niðurstaða, þetta er ekki eitthvað lögfræðialit, heldur niðurstaða sem við erum bundin af og við verðum að gera ráðstafanir til að framfylgja dómnum,“ sagði Lárus.

SÉRVERKEFNI

- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steinteppaþrif

www.iss.is

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Vor og sumar á leiðinni



Nýr og breyttur GRAND VITARA

Fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi

ESP SPÓLVÖRN
ABS+EOB
HEMLAKERFI

ESP
STÖÐUG-
LEIKAKERFI

MEÐ HÁU
OG LÁU
SÍDRIFI

FULL
FRAME
4x4



Meðal staðalbúnaðar:

Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti
Bluetooth símkerfi - Usb og aux tengi - Skyggðar rúður
Cruise control - Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl
Lykillausst aðgengi og start og margt fleira.

Verð frá kr. 5.790 þús.-



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

GENGID
25.01.2013

	Bandaríkjadalur	128,37	128,99
	Sterlingspund	202,49	203,47
	Evra	172,28	173,24
	Dönsk króna	23,083	23,219
	Norsk króna	23,27	23,408
	Sænsk króna	19,869	19,985
	Japanskt jen	1,4124	1,4206
	SDR	197,09	198,27

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,3062

Kona missti sérstakar húsaleigubætur þegar hún flutti í húsnaði ÖBÍ: Höfðar mál vegna mismununar

DÓMSMÁL Guðrún Birna Smára-dóttir, leigjandi hjá Brynju hússjóði Öryrkjabandalagsins, hefur stefnt Reykjavíkurborg fyrir mismunun þar sem hún fær ekki sérstakar húsaleigubætur eftir að hún flutti í húsnaði Brynju. Áður leigði hún á almennum leigumarkaði og fékk þá bætur. Rök Reykjavíkurborgar fyrir niðurfellingu bóttanna eru að í sumum tilfellum sé það óþyrara að leigja hjá félags- og líknarsamtökum en á almennum markaði.

„Þetta er langt frá því að vera einstakt mál, það eru mjög margir í þessari stöðu,“ segir Guðmundur Magnússon formaður ÖBÍ. „Þetta á ekki bara við um þá sem leigja hjá Brynju hússjóði. Það sama gildir um leigjendur hjá Blindrafélaginu SEM, það er að segja alla þá sem leigja hjá félaga-



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

samtökum en ekki hjá þeim sem leigja hjá félagsbústöðum, þótt leigan sé svipuð. Hún er ekkert niðurgreidd hjá félagsamtökunum.“ Öryrkjabandalagið kærði þessa mismunun til innanríkisráðuneytisins árið 2009 og komst ráðuneytið að því að mismunin bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnslu-réttar. Þrátt fyrir tilmæli frá ráðuneytinu um að reglum yrði breytt hefur borgin þráast við að breyta reglunum. „Við það er ekki hægt að una lengur,“ segir Guðmundur. -fsb

Ferðapjónusta á Patreksfirði: Sláturhúsinu breytt í hótél

PATREKSFIÖRÐUR Bygging Foss-hotels á Patreksfirði er langt komin. Hótelið verður hið glæsilegasta, en það rúmar 41 herbergi og verður til húsa við Aðalstræti 100. Hótelið er reist á grunnni gamla sláturhússins á Patreksfirði. Áætlað er að breytingarnar á húsnaðinu kosti 350 til 400 milljónir króna. Hrönn Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Fosshótela, segir á bb.is að farið sé að örla á bókunum fyrir næsta sumar. -fsb



KALLA EKKI ÚLFUR ÚLFUR Danskir sauðfjárbændur hafa litlar áhyggjur.

Reynt að stöðva jarðasöfnun erlendra auðkýfinga á Íslandi

Ögmundur Jónasson telur erlenda auðmenn vera að leggja undir sig stór landsvæði á Íslandi og hefur látið smíða frumvarp til að koma í veg fyrir það. Hugsunin ekki sú að girða fyrir fjárfestingar, segir Ögmundur.

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur látið vinna drög að frumvarpi í ráðuneytinu sem er hugsað til að koma í veg fyrir stórfelld uppkaup erlendra auðmanna á íslenskum landareignum. Hann gerir ráð fyrir því að kynna frumvarpið í ríkisstjórn á þriðjudag.



Þessu var nú ekki tekið með upplappi af hálfu allra á fyrstu metr-unum

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra

„Hugsunin er ekki sú að girða fyrir allar fjárfestingar á Íslandi eins og margir hafa verið að gefa í skyn. Ég er að beina sjónum mínum fyrst og fremst að eignarlandi,“ segir Ögmundur. „Það eru brögð að því að auðkýfingar séu að safna hér jörðum án þess að hafa nokkurn tilgang með því að sinni annan en að safna eignarlandi á Íslandi,“ segir Ögmundur og nefnir sérstaklega landakaup Svisslendingsins Rudolfs Lamprecht á Mýrdal. „Ég hygg að þetta sé líka að gerast annars staðar án þess að ég vilji á þessu stigi fara nánar út í það,“ segir Ögmundur.

sem tengjast beint fyrirhugaðri atvinnustarfsemi eða þeim sem hafa sérstök ættartengsl við landið. Þá eru lagðar til breytingar á reglugerð sem snertir fjárfestingar fólks innan Evrópska efnahagssvæðisins á þann veg að þeir verði að hafa skýran tilgang með kaupum sínum á íslenskum fasteignum. Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði í fréttum RÚV um helgina að tilögurnar gengju þvert á þá stefnu að auka erlenda fjárfestingu. Hann efaðist um að þær nytu stuðnings í ríkisstjórn eða á Alþingi. Spurður hvort hann telji að frumvarpinu verði vel tekið í ríkisstjórninni segir hann: „Þessu var nú ekki tekið með upplappi af hálfu allra á fyrstu metr-unum – og vísa ég þar í varaformann Samfylkingarinnar – en ég vil nú spyrja hvort það geti verið að hann sé að misskilja eitt-hvað í þessu,“ segir Ögmundur, sem kveðst telja að ríkur vilji sé fyrir breytingunni í samfélaginu. stigur@frettabladid.is



HEIÐARVATN Svisslendurinn Rudolph Lamprecht hefur meðal annars keypt Heiðarvatn í Mýrdal. Ögmundi finnst hann hafa seilst býsna langt.

MYND/MAGNÚS JÓHANNSSON

Vargur lætur á sér kræla: Bændur óttast ekki úlfafár

DANMÖRK Eftir tveggja alda fjarveru eru úlfar farnir að gera vart við sig í Danmörku á ný. Sérfræðingar eru sannfærðir um að úlfurinn sé kominn til að vera en sauðfjárbændur eru þó ekki ugðandi um að þeir komi til með að leggjast á fé og valda vandræðum eins og í Noregi þar sem tvö til fjögur prósent fjár enda í úlfskjaftri.

Formaður félags danskra sauðfjárbænda segir þvert á móti að það hljóti að vera rými fyrir öll dýr í Danmörku. Verði dýrbítar vandamál verður hægt að bregðast við þá og þegar. -þj

HREINDÝRAVEIÐAR

Heimilt er að veiða allt að 1.229 hreindýr á veiðitímabilinu í ár sem er fjölgun upp á rúmlega 200 dýr. Töluverð breyting er innan svæða þar sem dýrin virðast hafa fært sig sunnar. Þá verður leyft að veiða dýr í nóvembermánuði.

HAFNARFIÖRÐUR

FH vill klára íþróttahöll

Ósk hefur borist til bæjarráðs Hafnarfjarðar frá FH sem vill viðræður um framkvæmdir við frjálsíþróttahöll sem stendur hálfkörüð á svæði félagsins í Kaplakrika. FH-ingar segjast sjálfir munu fjármagna verkið.

NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

ÁFRAM VONT NORÐAN TIL Leiðindaveður áfram um landið norðan og norðvestanvert. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu á morgun.

Á morgun 13-18 m/s NV-til, annars hægari.

Miðvikudagur Víða stíf NA-átt.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

Alicante 20°	Billund 4°	Gautaborg 4°	London 10°	Orlando 26°	San Francisco 14°
Basel 7°	Frankfurt 4°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 18°	Ósló 2°	Stokkhólmur 2°
Berlín 3°	Friedrichshafen 3°	Las Palmas 21°	New York 4°	París 7°	



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Sportlegur að framan
með 100 hjóðlát hestöfl
undir húddinu.

Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.



Mig langar í
svona.

ahh ... útblásturinn
aðeins 79g/km

Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósinn stoppa og stara á hann renna hjóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðdáun meðan bensíndælnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hjóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútbæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.480.000 kr.

3,5l
/100km
SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

VEISTU SVARID?



1. Hver er formaður samráðsvettvangs sem er ætlað að auka hagsæld?
2. Hvert var söluverð húss höfuðstöðva Orkuveitunnar?
3. Með hvaða íslenska fótboltaaliði leikur Nigel Quashie?

SVÖR

1. Ragna Arnadóttir, 2. 5,1 milljarður, 3. Bl Bolungarvík

Boðað til fundar í dag um endurskoðun á stofnanasamningi LSH við hjúkrunarfræðinga:

Engin niðurstaða en fundað verður áfram

KJARAMÁL „Það er ekkert nýtt að fréttu. Það náðist ekki niðurstaða á fundinum á föstudagskvöldið en við ætlum að hittast aftur á morgun (í dag). Þá munum við ræða nokkur atriði sem voru á borðinu á föstudaginn og við höfum verið að fara yfir hvor í sínu lagi um helgina,“ segir Elsa Björk Friðfinnsdóttir, formaður félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, spurð um árangur fundar um endurskoðun á stofnanasamningi LSH við hjúkrunarfræðinga.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, upplýsti á fimmtudag að spítalinn hefði fengið rýmri heimildir til að ganga frá samningum við hjúkrunarfræðinga en Elsa segist ekki vita hversu miklar þær heimildir séu. „Við viljum frekar líta á það hvað hver og einn hjúkrunarfræðingur fengi í sinn hlut og hvað við teljum nauðsynlega hækkun, þannig að ég hef ekki kynnt mér þá tölu,“ segir hún.

Um næstu mánaðamót taka

gildi uppsagnar á þriðja hundrað hjúkrunarfræðinga við spítalann, en vonir standa til að flestir þeirra séu fúsir að ráða sig til starfa á ný náist saman í samningum. Elsa segist þó ekki líta svo á að þetta sé hefðbundnar kjarasamningaviðræður.

„Við erum bara að skoða hverju er nauðsynlegt að breyta í stofnanasamningnum og finna ásættanlega lendingu fyrir báða aðila.“

- fsb



„Við erum bara að skoða hverju er nauðsynlegt að breyta í stofnanasamningnum og finna ásættanlega lendingu fyrir báða aðila.“

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðingar



Loksins fáanleg á ný!

www.forlagid.is – alvöru bókaútdráttur á netinu

Mikill halli á rekstri LHÍ á síðasta starfsári

Eigið fé Listaháskólans er orðið neikvætt um 76,3 milljónir eftir mikið tap á rekstri skólans í fyrra. Þegar hefur verið gripið til umfangsmikilla aðhaldsaðgerða til að tryggja jafnvægi í rekstrinum og segist rektor skólans fullviss um að það takist.

MENNTAMÁL Ríflega 85 milljóna króna tap var af rekstri Listaháskóla Íslands (LHÍ) á síðasta starfsári. Fyrir vikið er eigið fé skólans orðið neikvætt um 76,3 milljónir. Rektor LHÍ segir að þegar hafi verið gripið til harkalegra aðhaldsaðgerða til að rétta af reksturinn.

Fjallað er um fjárhagsstöðu skólans í nýútkominni ársskýrslu hans fyrir árið 2012. Kemur þar fram að rekstrargjöld skólans jukust um tæp 17% á milli ára sem einna helst olli því að í stað 24 milljóna hagnaðar á starfsárinu á undan var 85,5 milljóna tap á rekstrinum.

Í ávarpi rektors, sem finna má í skýrslunni, segir að ljóst sé að fjárhagsstaða skólans sé mjög viðkvæm og að hann verði ekki rekinn annað ár til viðbótar með sama halla. Þó má hafa í huga að samkvæmt fjárhagsáætlunum mun skólinn fá 35 milljóna eingreiðslu frá ríkinu vegna kostnaðar sem féll til við flutning á hluta starfsemi hans úr Skipholti í Þverholt. Staða hans er því betri sem því nemur.

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ, segir að þrátt fyrir mikinn halla á síðasta ári sé gert ráð fyrir að rekstur hans verði í jafnvægi á þessu ári.

„Við teljum okkur geta skilað jöfnuði á rekstrinum á þessu ári en til að svo megi verða höfum við þurft að grípa til mjög harkalegs niðurskurðar. Sá niðurskurður hefur þó farið langt inn fyrir bein



LHÍ í ÞVERHOLTI Rekstur LHÍ á síðasta ári litaðist af um 40 milljóna króna kostnaði við flutninga á hluta starfsemi úr Skipholti í Þverholt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Skólinn rekinn á þremur stöðum

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ, segir stærsta vanda skólans vera að hann er rekinn á þremur ólíkum stöðum. „Við höfum til dæmis þrjú bókasöfn og þrjú mótuneyti sem er auðvitað afar óhagkvæmt. En þetta er hins vegar ekki eitthvað sem verður leyst einn, tveir og þrjú. Við að vísu áttum að fá byggingu árið 2011 en það gekk ekki eftir eins og fólk þekkir. Til framtíðar er stærsta verkefnið að koma rekstrinum undir eitt þak enda myndi það auðvelda reksturinn og gera skólalífnið skemmtilegra.“



og í raun er skólinn kominn á það stig að það er ekki hægt að reka hann svona til framtíðar,“ segir Hjálmar og bætir við: „En sú fjárhagsáætlun sem nú er unnið eftir gerir ráð fyrir rekstri í jafnvægi og við munum reyna eftir fremsta megni að fylgja henni eftir.“

Þá segist Hjálmar gera ráð fyrir að hægt verði að laga eiginfjárstöðu skólans án sérstaks framlags frá ríkinu með aðhaldsómum

rekstri. Hins vegar yrði hann vita-skuld feginn frekari fjárfram-lögum frá ríkinu.

Spurður hvort aðhaldsaðgerðir skólayfirvalda hafi komið niður á gæðum námsins svarar Hjálmar: „Stefna okkar hefur verið sú að standa vörð um kjarnann og gæði námsins. Ég tel að okkur hafi tekist það þótt við höfum til dæmis þurft að skera talsvert niður af valkúrsum.“

magnusl@frettabladid.is



Við bjóðum hagstæða vexti á bundnum óverðtryggðum innlánsreikningum. Binding frá 1–24 mánaða. Vextir frá 4,25%–5,05%.

Nánari upplýsingar hjá viðskiptastjórum í Borgartúni 26 eða í síma 540 3200 og á www.mp.is.

mpbanki

Ljósnetið verður tengt í 53 bæjarfélögum á landsbyggðinni:


Flestir tengdir á Austurlandi

FJARSKIPTI Alls verða tólf bæjarfélög á Austurlandi tengd ljósnetinu á þessu ári en Síminn ráðgerir að tengja alls 53 bæjarfélög við háhraða internet. Tíu bæjarfélöganna eru á Vestfjörðum.

Ljósnetið er háhraða tenging um koparvira sem tengdir eru í ljósleiðara. Ekki þarf því að leida ljósleiðara inn á heimili fólks. -bph

→ Bæjarfélögin sem tengd verða

Akranes	Hafnir
Bakkafjörður	Hella
Bíldudalur	Hellissandur
Blönduós	Hnífsdalur
Bolungarvík	Hrafnagil
Breiðdalsvík	Húsavík
Búðardalur	Hvammstangi
Dalvík	Hveragerði
Djúpivogur	Hvolsvöllur
Egilsstaðir	Höfn
Eskifjörður	Ísafjörður
Eyrarbakki	Keflavík
Fáskrúðsfjörður	Kjalarnes
Flateyri	Neskaupsstaður
Flúðir	Njarðvík
Garður	Ólafsfjörður
Grundarfjörður	Ólafsvík



Patreksfjörður
Reyðarfjörður
Sandgerði
Sauðárkrúkur
Selfoss
Seyðisfjörður
Siglufjörður
Skagaströnd
Stokkseyri
Stykkishólmur
Stöðvarfjörður

Suðureyri
Tálknafjörður
Vestmannaeyjar
Vík
Vopnafjörður
Pingeyri
Porlákshöfn
Pórshöfn

→ Fjöldi staða eftir landshlutum

Vesturland	9
Vestfirðir	10
Austurland	12
Suðurland	9
Suðurnes	6
Norðurland	7

VILTU NÝJA ÁSKORUN?



Einn vinur okkar á Facebook og hlýtur 120.000 kr. gjafabréf á námskeið að eigin vali!
facebook.com/Promennt

www.promennt.is

NÁMSKEIÐ

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM • SKRIFSTOFUNÁM

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á að skapa sér frama á sviði markaðs- og sölumála eða við bókhalds- og skrifstofustörf ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.

NÝ NÁMSBRAUT

▶ MARKAÐS- OG SÖLUNÁM MEÐ SÉRSTAKRI ÁHERSLU Á UPPLÝSINGATÆKNI

Skemmtilegt en um leið krefjandi nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Sérstök áhersla er lögð á þátt upplýsingatækninnar í markaðs- og sölumálum þar sem byrjað er á því að styrkja almenna tölvukunnáttu sem svo myndar sterkan grunn fyrir nýtingu upplýsingatækninnar þar á eftir. Byggð er upp kunnáttu í vinnu með sölukerfi ásamt notkun netsins bæði við markaðsrannsóknir og markaðssetningu með sérstakri áherslu á markaðstækin Google AdWords og Facebook. Náminu lýkur með þverfaglegu lokaverkefni sem tekur á öllum þáttum námsins.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Námstækni með MindManager hugarkortsforritinu
2. Almenn tölvuleikni (Windows, Outlook, Word, Excel)
3. Kynningartækni með PowerPoint
4. Verslunarreikningur
5. Sölutækni (hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini)
6. Upplýsingatækni sölumannsins (sölu- og viðskiptakerfi)
7. Markaðsfræði (grunnþættir markaðsfræðinnar, vörubrúun, auglýsingatækni, markaðsrannsóknir o.fl.)
8. Markaðssetning á netinu með sérstakri áherslu á Google AdWords og Facebook
9. Lokaverkefni

Hefst: 12. feb. • Tími: Morgun- og kvöldhópur • Lengd: 190 std. • Verð: 199.000 kr.



▶ GOOGLE ADWORDS

Námskeiðið byggist á ítarlegri kennslu á þau tæki og tól sem AdWords býður upp á, en Google AdWords er eitt sterkasta markaðstækið á netinu í dag. Nemendur hljóta þjálfun í að beita AdWords til að ná beint til markhópsins með birtingum á réttum stöðum á réttum tíma. Helstu sérfræðingar okkar Íslendinga, Kristján Már Hauksson og Haukur Jarl Kristjánsson, kenna ásamt gestafyrirlesara frá Google. Ath. takmarkaður sætafjöldi – síðast seldist upp á örfáum dögum!

Hefst: 26. feb. • Tími: 8-12:30 • Lengd: 12 std. • Verð: 79.000 kr.



TÖLVU- OG BÓKHALDSNÁM

Tölvu- og bókhaldsnám er stutt og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Tölvugreinar
Windows tölvugrunnur og skjalastjórnun, Word ritvinnsla, Excel, PowerPoint, Outlook póstur og skipulag
2. Viðskiptagreinar
Verslunarreikningur, bókhaldsgrunnur og handfært bókhald, tölvubókhald í Navision.

Hefst: 6. feb. • Tími: 18-21:30 (lau. 9:30-13:00) • Lengd: 200 std.

Tilboðsverð: 129.000 (áður 169.000 kr.).

„Skilaði mér strax því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi að námi loknu. Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Kennslan var frábær og uppbyggileg. Gef skólanum og kennurunum mín bestu meðmæli.“

Margrét H. Ásgeirsdóttir (Tölvu og bókhaldsnám)



Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

HEIMURINN



Helfararinnar minnst

1 PÓLLAND Þeir sem komust lífs af úr helförinni, stjórnmaðlenn, trúarleiðtogar og almenningur minnst þess í gær að 68 ár voru liðin síðan sovískir hermenn tóku yfir útrýmingar- og fangabúðir nasista í Auschwitz-Birkenau í Póllandi.

Nasistar drápu að minnsta kosti 1,1 milljón manns í búðunum í seinni heimsstyrjöldinni. Var fórnarlambanna minnst þar og í Varsjá, höfuðborg landsins, lagðist fólk á bæn við minnisvarðann um Varsjáruppreisnina þar í borg árið 1943. Benedikt páfi XVI sagði að helförin ætti ætíð að vera í huga fólks svo slíkir atburðir endurtækju sig ekki.

Skipað að fara frá Sómalíu

2 SÓMALÍA Bresk stjórnvöld hafa ráðlagt breskum ríkisborgurum að yfirgefa uppreisnarhéraðið Sómalíland í Sómalíu vegna þess að vestrænt fólk er talið vera í sérstakri hættu.

Þetta er önnur viðvörðunin um hættu sem steðjar að Vesturlandabúum sem Bretar gefa þegnum sínum á aðeins nokkrum dögum. Ófriður fer vaxandi í Norður-Afríku en Sómalía hefur lengi verið hrjád af borgarastyrjöldum. Ríkisstjórnir Breta og Bandaríkjamanna hafa ávallt ráðið þegnum sínum frá því að heimsækja landið.

Mannúðarstjóri SP fundar í Sýrlandi

3 SÝRLAND Valerie Amos, mannúðarstjóri Sameinuðu þjóðanna, var í Damaskus í Sýrlandi í gær og ræddi við embættismenn þar í landi vegna átakanna í Sýrlandi. Amos kom ekki opinberlega fram í gær en sagði í síðustu viku að henni þætti áhrifamestu lönd heimsins ekki hafa gert nóg til að binda enda á átökin sem hafa nú staðið yfir í 22 mánuði samfleytt.

Sameinuðu þjóðirnar áætla að meira en 60 þúsund manns hafi fallið í átökunum í Sýrlandi. Aðstæður í landinu eru ömurlegar, matarskortur og eldsneytisskortur svo eitthvað sé nefnt.



Hittu Pétur Óla Pétursson fararstjóra

Kíktu í kaffi

Kynningarfundur um Rússlandsferðir

Annað kvöld, 29. janúar

Komdu á kynningarfund um siglinga- og skoðunarferðir til Moskvu og Pétursborgar.

Pétur Óli Pétursson fararstjóri kynnis ferðirnar kl. 20:00 annað kvöld, 29. janúar, í húsnæði Bændafærða í Síðumúla 2.

Fáðu þér ókeypis eintak af nýja ferðabæklingnum



Skoðaðu ferðirnar á bændafærdir.is

Sími 570-2790
bokun@bændafærdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík
Opíð kl. 8:30-16:00, virka daga

ferðabjónusta bænda
BÆNDAFÆRÐIR

Ferðaskrifstofa allra landsmanna



Vissir þú að...
Foreldrum og veirvöldum
ber að tryggja öryggi barna

Hafa ekki upplifað annan eins landburð

Landburður er af þorski í Norður-Noregi og hafa menn aldrei upplifað annað eins. Vandí sjómanna er frekar að fá ekki of mikið af fiski í einu. Áframeldi á þorski er rannsakað með það að leiðarljósi að auka framboð af gæðafiski.

TROMSÖ, FRÉTTABLAÐIÐ Ævintýrleg veiði er nú á Barentshafsborski við Norður-Noreg. Netaþátar draga net sín tvisvar á dag en vandí þeirra snýst um að fá ekki of mikinn afla á stuttum tíma. Norðmenn horfa til þess að auka verðmæti aflans með áframeldi á litlum hluta þess þorsks sem berst að landi í framtíðinni.

Eins og kunnugt er ákvað norsk-rússneska fiskveiðinefndin að auka þorskvóta í Barentshafi langt umfram það sem Alþjóðahafannsóknastofnunin lagði til. Því verður veidd ein milljón tonn af þorski á þessu ári sem er 25% meiri veiði en í fyrra. Þessa miklu veiði rökstyðja líffræðingar með því að gæta verði að vistkerfinu – eða þorskstofninn er að þeirra mati orðinn of stór.

Þessi staða birtist vel á hafnarbakkanum. Í þorpunum rétt fyrir utan Tromsö, til dæmis á Sommarøy, streyma bátarnir inn með góðan afla. Í samtali við sjómennina kom fram að þeir færu tvisvar á dag til að draga netin, sem eru stappfull af fiski eftir nokkra klukkutíma legu í sjó. Allt er þetta tveggja handa fiskur – um sjö til tíu kíló.

Kjell Midling, sérfræðingur hjá Nofima, norskri rannsóknastofnun í matvælaíðnaði, segir að nú sé unnið að því öllum árum að bæta gæði aflans, enda verði vart séð að magnið á veiddum þorski komi til með að aukast úr þeim milljón tonnum sem nú er leyfilegt að veiða í Barentshafi. Nofima vinnur því að verkefni sem snýst um að veiða þorskin lífandi og ala hann áfram. Í framtíðinni er



HÖFNIN Í BRENSHOLMEN Það var létt yfir mönnum í þessu litla þorpi rétt utan við Tromsö, enda landburður af fiski.

FRÉTTABLAÐIÐ/SAVAR

vonast til að fimm til sex prósent aflans verði nýtt með þessum hætti en tilraunir með veiðar og vinnslu eru yfirstandandi.

Ef þetta tekst segir Kjell að með því að áframala þorsk, eins og menn gera til dæmis með túnfisk, megi bjóða stöðugt ferskt og gott hráefni frá Noregi allt árið. Hins vegar eru 85 prósent þorsksins veidd fyrstu fjóra mánuði ársins, eins og staðan er nú.

Fram kom á blaðamannafundi í tengslum við ráðstefnuna Arctic Frontiers 2013 í Tromsö, þegar spurt var um stærð þorskstofnsins, að mjög væri litið á samhengið á milli lítillar síldar

1.000.000

tonn af þorski verða veidd í Noregi á árinu. Það er fjórðungi meiri veiði en í fyrra.

í Barentshafi sem orsakað hefur að sveiflur loðnustofnsins hafa minnkað. Þess vegna hefði stór þorskstofn mikið og stöðugt fæði sem skilar sér í þessu mikla magni. Auðvitað er myndin flóknari en þetta atriði telja fiskifræðingar skipta miklu.

svavar@frettabladid.is




VERTU TIL. **Reebok**
FITNESS

3.990 KR/MÁN – ENGIN BINDING!
FULLKOMIN ÆFINGAABSTAÐA – FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA
NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT ÞITT PLÁSS – ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR
ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MARGIR FLEIRI

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS – RFC.IS – M.RFC.IS

Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.

SAMSUNG



SAMSUNG · RFG23UERS

TVÖFALDUR KÆLISKÁPUR

Með frönskum hurðum

Alls 520 lítrar
Kælikápur: 396 lítrar
Frystir: 124 lítrar

Í öllum þessum skápunum er tvöfalt kælikerfi - annars vegar fyrir kælinn og hins vegar fyrir frystinn.



SAMSUNG · RS7567THCSR

„AMERÍSKUR“

Kælir-Frystir · Aldrei að afþýða

Þjóðum hvíta skápa og þrjár gerðir í burstuðu stáli.
Alls 532 lítrar
Kælikápur: 361 lítrar
Frystir: 171 lítrar

Úrval kæli- og frystiskápa

Nýstárlegir kæli- og frystiskápar. Ný tegund einangrunar sem setur þá í Orkuflokk A++.
Stærra kæli- og frystirými en gengur og gerist.



HÁKLASSA ÖRBYLGJUOFNAR FRÁ **SAMSUNG**



RYKSUGU RÓBÓTINN **NAVIBOT**
Á TILBOÐSVERÐI

EcoBubble þvottavél

SAMSUNG




Bylting í þvottavélum

Hvað er EcoBubble?

EcoBubble þvottur er hefðbundin blanda af tau, vatni og þvottaefni – en í stað þess að þvottaefnið skolist beint inn í þvottatromluna með vatninu fer þvottaefnið blandan fyrst í gegnum öfluga dælu, sem þrýstir lofti inn í blönduna. Við þetta leysist þvottaefnið strax upp og byggir upp froðu. EcoBubble froðan samanstendur því af örsmáum þvottaefniskúlum sem flæða um tauið og ná að leysa upp öll óhreinindi á mun árangursríkari og flótlegri hátt en á sér stað við hefðbundin þvott.

EcoBubble þvottavélar:

- Taumagn: 7, 8 og 12 kg.
- Vindingarhraði: 1400 sn/mín
- Þvottahæfni: A
- Þeytivinduafköst: A
- Orkuflokkur: A+++
- Fuzzy-logic magnskynjunarkerfi
- 15 mín. hraðkerfi
- Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
- Hurðarlöm og krókur úr málm
- Stórt hurðarop: 33 cm, opnast 142°
- UKS kerfi sem jafnar tau í tromlu fyrir vindingu
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
- Ullarkerfi / Ullarvagga
- Allt að 19 klst. start tímaval fram í tímann
- Barnalæsing
- Sérstakt prógramm til að þvo tromluna.
- Aqua-Control öryggiskerfi gegn vatnsleka
- Mál HxBxD: 85 x 60 x 64,6 cm.



ORKUNOTKUN A+++

- ✓ 70% minni orkunotkun
- ✓ Sama þvottahæfni með köldu vatni og í venjulegum þvottavélum við 40° hita
- ✓ Demants mynstruð tromla, minna slit á fötum og vindur mun betur
- ✓ Sérstakt þvottakerfi til að viðhalda vatnsvörn regnfatnaðar

Verð:

1) WF1704 YPC · 7 KG · KR. 139.900.- // 2) WF0704Y8E · 7 KG · KR. 179.900.- // 3) WF806P4SAWQ · 8 KG · KR. 169.900.- // 4) WF2124ZAC · 12 KG · KR. 249.900.-
Kolalaus mótur og hjóðlátt drif (Quiet Drive)

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ

samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NEKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

MINNA ELDSNEYTI

NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI

M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla:

4,2 l/100 km*



VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN

Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla:

4,6 l/100 km*



SPARNEYTINN
SUBARU

Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla:

6,6 l/100 km*



SKYNSAMLEG
KAUP

Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla:

5,1 l/100 km*



RINGULREIÐ Gestur á Kiss ber meðvitundarlausan félagan sinn út af staðnum. Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, hét því í gær að fjölskyldur fórnarlambanna fengju alla þá hjálp sem þær þörfuðust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Minnst 230 látnir

Einn mannskæðasti eldsvoði sem orðið hefur á skemmtistað grandaði á þriðja hundrað ungmennum í Brasilíu í fyrrinótt. Kviknaði í út frá flugeldum á sviði.

BRASILÍA Minnst 230 fórust í eldsvoða á næturklúbbi í háskólaborginni Santa María syðst í Brasilíu í fyrrinótt. Eldsvoðinn er einn sá mannskæðasti sem nokkru sinni hefur orðið á skemmtistað.

Að sögn vitna virðist sem eldurinn hafi kviknað út frá blysum og flugeldum sem liðsmaður hljómsveitar kveikti í uppi á sviði á skemmtistaðnum Kiss. Blossar bárust í hljóðeinangrunarefni sem fudraði upp og fyllti staðinn á svipstundu af svörtum reyk.

Talið er að um tvö þúsund manns hafi verið á staðnum, sem hefur einungis leyfi fyrir eitt þúsund gesti. Fjöldi þeirra sem létust kafnaði eða tróðst undir í ringulreiðinni sem fylgdi í kjölfarið. „Það var svo mikill reykur og eldur, skelfingin algjör og fólk var óratíma að komast út, það voru svo margir látnir,“ sagði Luana Silva, ein þeirra sem komst lífs af, við Globo TV. Gestir sem komust út

Aðrir eldsvoðar á skemmtistöðum

1940	Rhythm-klúbburinn, Natchez í Mississippi	209 létust
1942	Cocoanut Grove, Boston í Bandaríkjunum	492 létust
1970	Club Cinq-Sept, Saint-Laurent-du-Pont í Frakklandi	146 létust
1977	Beverly Hills Supper Club, Kentucky í Bandaríkjunum	165 létust
1996	Ozone Disco, Quezon á Filippseyjum	162 létust
2000	Jólball, Luoyang í Kína	309 létust
2003	The Station, West Warwick í Bandaríkjunum	100 létust
2004	República Cromañón, Buenos Aires í Argentínu	194 létust
2009	Khromaya Loshad, Perm í Rússlandi	Yfir 150 létust

gripu sér margir axir og sleggjur í hönd og aðstoðuðu slökkvilið við að brjóta sér leið til þeirra sem enn voru fastir inni.

Alls höfðu 230 lík verið flutt í íþróttasal í borginni í gærkvöldi þar sem reynt var að bera kennsl á þá látnu. Hundruð til viðbótar voru slasaðir, sumir alvarlega.

stigur@frettabladid.is



Skiptu út gömlu gólfvottavélinni fyrir nýja



TASKI by Diversey

Allar gerðir
gólfvottavéla
skoðaðar og
verðmetnar

Verðmat fæst
sem greiðsla
upp í nýja vél

- Úrval hágæða gólfvottavéla
- Öflug viðgerða- og varahlutabjónusta



TANDUR

Sími 510 1200 / www.tandur.is

Láttu hjartað ráða



„Rauðrófusafi er góður valkostur fyrir þá sem vilja hugsa vel um heilsuna.“

Sella

BONUS

HAGKAUP



HIMNESKT

Nýr bókmennntapáfi

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Árlega birtast í blöðum og netmiðlum myndir af listamönnum sem hlotið hafa úthlutun úr launasjóðum á vegum ríkisins. Þessar myndbirtingar vekja hugrenningatengsl við myndir af sakborningum í fjárvikamálum. Okkur er ætlað að horfa á þessi andlit og hugsa um það hvílfir loddarar þau séu – hversu auðveldlega þau komist yfir almannafé. Okkur er ætlað að hugsa: Af hverju þau? Okkur er ætlað að hugsa: Aha! Klíka!

Af hverju bara listamenn?

Eða hvers vegna að birta myndir af því fólki sem þiggur laun úr almannaþjóðum til að skapa list fremur en ýmsum öðrum sem njóta framlaga úr opinberum sjóðum? Hví ekki að birta myndir af öllum þeim sem hljóta styrki úr nýsköpunar-

sjóðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs og rannsóknasjóðum með tilheyrandi vangaveltum um verðuga og óverðuga? Af hverju ekki að birta myndir af læknum sem fá til sín heimsóknir sjúklinga niðurgreiddar af ríkinu, með tilheyrandi þælingum um erindi og erindisleysu? Væri ekki tilvalið að birta myndir af bændum sem fá til sín framleiðslutengdar beingreiðslur, og láta þá fylgja bollalengingar ófróðra um sanna bændur og ósanna?

Af hverju bara listamenn? Um það ríkir nokkur sátt í samfélaginu að það þurfi á listum að halda, vegna þess að það er svo ótalmargt sem listirnar færa okkur sem engin önnur iðja gerir. Markaðstrúarmenn telja að vísu að eftirláta eigi hinum óskeikula og guðlega markaði að skilja sauðina frá höfrunum – en til allrar hamingju eru þeir í miklum minnihluta og hafa lítil áhrif, nema þá helst inni á tédum fjölmiðlum þar sem þeir stökkva ævinlega til og birta sakamannamyndir af því fólki sem unnið hefur það sér til óhelgi að hljóta listamannalaun. Flest fólk áttar sig hins vegar á hinu: að til þess að samfélagið fái notið listar

verða listamenn að vera til. Og til að svo megi verða þurfa þeir að lifa, þó að mörgum finnst þá fyrst eitthvað í þá varið þegar þeir eru dauðir.

Til þess að meta hverjir eigi að njóta þessara launa höfum við sérstakar úthlutunarnefndir þar sem situr fólk sem talið er hafa sérþekkingu á viðkomandi listgrein.

Að sjálfsögðu eru úthlutunarnefndir þessara launa ekki óskeikular og eflaust hægt að nefna ótal dæmi um það hversu misvittrar þær séu. En svona virkar þetta og vandséð hvernig það má öðruvísi vera í nútímasamfélagi þar sem reynt er að koma í veg fyrir klíkuskap og frændhygli af fremsta megni.

Daðason með dylgjur fer

Sum sé: Ásmundur Einar Daðason var með dylgjur. Innblásinn af fréttum úr safnaðartíðindum markaðstrúarmanna, Viðskiptablaðinu, kvaðst hann á bloggi sínu vera hugsý yfir því að makar ráðherra hefðu fengið laun úr rithöfundasjóði. Um er að ræða Jónínu Leósdóttur og Bjarna Bjarnason. Ásmundur taldi úthlutun til þessara rithöfunda til marks um undarlega forgangsrið-

um ríkisstjórnarinnar, og gaf þar með til kynna að ákvörðun um þessar greiðslur hefði einhvern veginn ratað inn á ríkisstjórnarfundi, og virtist ekki hvarfla að honum að ef til vill hefðu þau Jónína og Bjarni eitthvað gert sjálf til að verðskulda slík laun.

Jónína hefur um árabíl verið í fremstu röð þeirra höfunda sem skrifa fyrir unglina, þótt hún hafi líka skrifað bækur sem ætlaðar eru eldri lesendum, leikrit og ljóð. Hún hefur verið sérstaklega fundvís á viðkvæm og vandmeðfarin – og mikilvæg – efni en haft lag á að skrifa um þau af nærgætni og húmor. Bjarni Bjarnason hefur stundað ritstörf frá árinu 1989, skrifað skáldsögur, ljóð, smásögur, greinar. Hann nýtur mikillar virðingar meðal þeirra fjölmörgu sem fylgjast með íslenskum bókmennum og hefur unnið til ýmissa viðurkenninga, fengið verðlaun og tilnefningar. Bækur hans eru ólíkar bókum annarra; fantasíur en um leið mjög jarðbundnar, fullar af heimspækingum, trúarlegum og tilvistarlegum þælingum... Sem sé virtur og þekktur höfundur þótt Ásmundur Einar

Ásmundur Einar Daðason var með dylgjur. Innblásinn af fréttum úr safnaðartíðindum markaðstrúarmanna, Viðskiptablaðinu...

Daðason hafi aldrei heyrt hans getið.

Kannski veit Ásmundur Einar ekkert um bókmennir þó að hann telji sig þess umkominn að tjá sig um þær af því að hann er alltaf að lesa um það í Morgunblaðinu hversu gáfaður hann sé. Og kannski er þetta er bara illgjarnt slaður, til þess að gera lítið úr öðru fólki og koma höggi á pólitíska andstæðinga. Það má einu gilda. Því þetta er umfram allt heimild um Ásmund Einar Daðason og hugsunarhátt hans. Og næst þegar hann tekur til máls og fer að dylgja og atyrða og lasta – um Evrópusambandið eða gamla félagi í VG – er ágætt fyrir fólk að hafa í huga þetta dæmi um það hvernig hann vinnur úr þeim upplýsingum sem hann aflar sér – og neitar sér um.

Loftslagsbjörgun fyrir 36 milljarða dollara?

Flestöllum er ljóst að erfitt getur orðið að ná því marki að halda hlýnun loftslags innan við 2°C af meðalhita jarðar (undanfarin hækkun er aðeins 0,8°). Fátt hefur gerst sem miðar að verulegum hömlum á losun gróðurhúsagasa og eyðingu skóga. Samkvæmt niðurstöðum sérfræðinga þarf græna raforku, samgöngur með stórlega minni koldíoxídmengun og orkusparnaðartækni til að ná markinu.

700 milljarðar í kapphlaupinu

Í þýska ritinu Wirtschaftswochen (21.01.13) kemur fram að með því að bæta 36 milljörðum Bandaríkjadollara við þá 96 milljarða Bandaríkjadollara sem ríkisstjórnir heims eyða í málaflokkana, næðist í mark í kapphlaupinu um framtíð mannkyns. Þetta eru niðurstöður Green Growth Action Alliance, starfsfélags á vegum Alþjóða efnahagsþingsins (WEF) í Davos. Þar ræða alls konar áhrifamenn og minni spámennt ráðum sínum um þessar mundir. Upphæðin er víst mun lægri en sú sem Bandaríkjastjórn lagði fram vegna tjóns af fellibylnum Sandy í október síðastliðnum. Hvernig má þetta vera?

LOFTSLAGSMÁL



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

→ Loftslagsmálin standa og falla með stjórnmálum og efnahagsstefnum.

GGAA-liðið telur 132 milljarða dollara (samtölu talnanna hér á undan) duga til þess að einkafjármagn að upphæð 570 milljarðar dollara fái til fjárfestingar í umrædd verkefni. Þar með eru komnir þeir rúmu 700 milljarðar dollara sem standa á verðmiða kapphlaupsins. Þarna er m.a. horft til sex milljarðanna í Loftslagstækniþjóði Alþjóðabankans. Hver dollari þar dregur aðra átta úr einkageiranum inn í fjárfestingar á þessu sviði, aðallega til grænnar orku, sjálfbærra innviða samfélaga og áætlaða um sjálfbæran vöxt.

Sérfræðingarnir benda líka á að ríkisvald getur hvatt fjármagnseigendur til verka með tryggingum, ábyrgðum, hvötum og pólitískum aðgerðum. Loftslagsmálin standa og falla með stjórnmálum og efnahagsstefnum. Það er líka löngu ljóst. Hvernig ætli fundir í Davos 2013 afgreiði þetta álit eigin starfsfélags?

Tangarhöfði 2 og Skeifan 11d

Opnunartilboð Rúðuvökvi

40% afsláttur

af 5L rúðuvökva

Opnunartilboðin gilda eingöngu í Tangarhöfða 2 og Skeifan 11d.

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Gildistími tilboðs: 28. janúar til og með 2. febrúar.



Gott eintak
6 ár eftir af ábyrgð

Gæðabíll

Kia Sportage EX

Árgerð 2012, 136 hestafla dísilvél, sjálfstíttur, 4x4, ekinn 30.000 km, 6 ár eftir af ábyrgð.

Álfelgur, aksturstölvla, hraðastillir, hiti í öllum sætum, loftkæling, fjarstýrðar samlæsingar, þjófavörn og margt fleira. Eyðir aðeins 6,9 l/100 km í blönduðum akstri.*

► Verð: 5.590.000 kr.

Mánaðarleg afborgun: 36.000 kr. **

*Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

**Miðað við 3.500.000 kr. útborgun í peningum eða með uppþökubíl ásamt láni frá ERGO til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,64%. Vextir: 9,70%.

ergo

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · Sími 590 2160 · notadir.is

Opið frá kl.10-18



Ofbeldisklám og börn

Þegar ég hafði nýverið tekið við embætti dómsmála- og mannréttindaráðherra, síðar innanríkisráðherra, haustið 2010 stóð ráðuneytið fyrir samráði um meðferð nauðgunarmála í réttarvörslukerfinu. Sú umræða var ekki úr lausu lofti gripin. Ítrekað höfðu komið fram ábendingar um að úrræði réttarkerfins næðu eingöngu að takmörkuðu leyti utan um kynferðisbrot. Samráðið var ítarlegt og stóð yfir um nokkurn tíma með aðkomu lögreglu, ríkissaksóknara, dómstóla, grasrótarsamtaka, fræðafólks og stofnana og samtaka sem starfa með þolendum. Í þessu samráðsferli lýstu fjölmargir þeirra sem eiga aðkomu að málaflöknum áhyggjum af því að klám hefði áhrif á kynferðisbrot, bæði á ofbeldið sem beitt er við brotin og mögulega á tíðni þeirra.

11 ára sjá klám

Þessar ábendingar leiddu til þess að innanríkisráðuneytið, í samstarfi við velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og lagadeild Háskóla Íslands, efndu til samræðu um samfélagsleg áhrif kláms, þar á meðal með fjölsóttari ráðstefnu sem haldin var í október sl. Í þessu ferli voru áhyggjur fagfólks ítrekaðar. Skólafólk lýsti áhyggjum af áhrifum kláms á hegðun ungmenna og samskipti kynjanna. Lögreglan greindi frá klám-mynstri í kynferðisbrotum sem rata á þeirra borð. Barnahús upplýsti um fjölgun mála þar sem gerendur eru sjálfir á barnsaldri og í sumum tilfellum að líkja eftir ofbeldisfullu klámefni. Og samtök sem starfa með þolendum kölluðu á frekari umræðu um áhrif kláms. Bent var á að íslensk börn eru að

KLÁM



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

meðaltali 11 ára þegar þau sjá klámefni í fyrsta sinn og mörg þeirra eru alls ekki í leit að því. Sum þeirra sýna í framhaldinu svipuð merki og börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi, eru m.ö.o. í áfalli.

Yfirráð og ofbeldi

Eitt af því sem vakti mig til umhugsunar voru ábendingar lykilyfirrisráðstefnunnar í október, Gail Dines, um það klámefni sem er í mestri umferð á internetinu. Þetta eru ekki sakleysilegar myndir af nöktu fólki í kynferðislegu samneyti. Efnid á meira skylt við pyntingar, þar sem konur eru viðfangið en karlar gerendur, auk þess sem ítrekað er farið að, og stundum yfir, mörkum hins löglega, s.s. með skírskotunum til barna í kynferðislegum tilgangi. Nánd, virðingu og öryggi er ekki til að dreifa en haturfull ummæli, yfirráð og ofbeldi ráða ríkjum.

Ábyrgð og yfirvegum

Undirbúningshópur sem stóð að samráðsferlinu skilaði ítarlegum og sundurliðuðum tillögum til innanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra. Í þeim tillögum sem til mín var beint var lagt til að ég fæli refsiréttarnefnd að vinna frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum með það að markmiði að þrengja og skýra skilgreiningu á klámi. Þetta hef ég þegar gert. Rétt er að taka fram að lögum samkvæmt er bannað að dreifa klámi á Íslandi en það skortir á að hugtakið sé skilgreint í lögum. Í tillögum sem fram komu í samráðsferlinu var lagt til að skilgreiningin tæki mið af norskum hegningarlögum, en einnig að kannað yrði sérstaklega hvort

→ Upphrópanir um ritskoðun eru aðeins til þess fallnar að beina athyglinni frá sjálfu umræðuefninu, sem er það pyntingarefni sem finna má á internetinu og áhrif þess á þá sem koma að framleiðslu þess og jafnframt þá sem á það horfa, einkum og sér í lagi börn.

ástæða væri til að banna vörslu kláms, líkt og á við um barnaklám, og mun refsiréttarnefnd leggja á það mat. Öllu máli skiptir að þessi mál séu skoðuð af ábyrgð og yfirvegum.

Í annan stað hef ég, að tillögu undirbúningshópsins, lagt til að skipaður verði starfshópur sem kortleggur úrræði lögreglu til að framfylgja banni við klámi, einkum með hliðsjón af aðgengi barna að grófu og skaðlegu efni. Sá hópur mun fjalla um hvað er tæknilega mögulegt og hvað ekki og skila sínum tillögum, sem unnt verður að byggja frekari pólitíska stefnumótun á.

Ritskoðunargryllan

Ég tel skyldu mína sem innanríkisráðherra að verða við ábendingum þeirra sem starfa við málaflökkinn og lýsa áhyggjum af áhrifum kláms, með því að efna til umræðu um málið og láta kanna þá möguleika sem eru í stöðunni. Um þetta kunna að vera skiptar skoðanir og tek ég umræðunni fagnandi, en hvet um leið til yfirvegum. Upphrópanir um ritskoðun eru aðeins til þess fallnar að beina athyglinni frá sjálfu umræðuefninu, sem er það pyntingarefni sem finna má á internetinu og áhrif þess á þá sem koma að framleiðslu þess og jafnframt þá sem á það horfa, einkum og sér í lagi börn.

Tækjabúnaður í heilbrigðisþjónustu

Um allt land er rekin öflug heilbrigðisþjónusta fyrir landsmenn. Hún væri ekkert án þess þróttmikla starfsfólks sem hefur á undangengnum misserum sýnt fagmennsku og æðruleysi við erfiðar aðstæður í kjölfar efnahagsbrunsins. Margt hefur komið upp sem sýnir okkur að á ýmsum sviðum vorum við síður undirbúnir fyrir áfallið en hefði mátt

HEILBRIGÐIS- MÁL



Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra

ætla. Meðfylgjandi línurit, sem sýnir fjárframlög til tækjakaupa á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri, staðfestir orð starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar um að góðærið skilaði sér að litlu sem engu leyti til hennar. Stjórnendur og starfsfólk hafa ítrekað bent á að fjárframlög síðustu ára hafa ekki náð að viðhalda nauðsynlegri endurnýjun, jafnvel svo að í óefni horfir nú á sumum sviðum. Hrun gjaldmiðilsins með tilheyrandi hækkun á aðföngum gerir vandann enn meiri.


Lögum samkvæmt eru tvö sérgreinasjúkrahús á Íslandi, Landspítalinn í Reykjavík og Sjúkrahúsið á Akureyri. Á þessum stofnunum fer fram flókin og sérhæfð meðferð sem kallar á sérstaka þörf fyrir sérhæfðan búnað og tæki og er fjárþörf eftir því. Þessar

→ Á þessum stofnunum fer fram flókin og sérhæfð meðferð, sem kallar á sérstaka þörf fyrir sérhæfðan búnað og tæki...

heilbrigðisstofnanir, sem og margar aðrar um land allt, hafa um áratuga skeið notið velvilja félagasamtaka og einstaklinga sem af rausnarskap hafa stutt dyggilega við starfsemi stofnana. Engu að síður er framlag skattgreiðanda í formi ríkisframlags mikilvægast þessum stofnunum, enda ekki unnt að treysta einungis á almannaheillasamtök, þótt öflug séu.

Í ljósi þessa hefur nú í fyrsta sinn verið unnin, að beiðni velferðarráðuneytisins, fjárfestingaráætlun í tækjabúnaði fyrir Landspítalann. Í nýrri heilbrigðisáætlun er síðan gert ráð fyrir að annað hvert ár liggi fyrir áætlun um endurnýjun og kaup á tækjabúnaði á sérgreinasjúkrahúsum og horfa ber til sama fyrirkomulags á öðrum heilbrigðisstofnunum. Sem upptakt að breyttu og bættu fyrirkomulagi á þessu sviði ákvað ríkisstjórnin að auka framlög til tækjakaupa á sérgreinasjúkrahúsum umtalsvert, eins og sjá má á meðfylgjandi riti.

HEILDARFJÁRHEIMILD FYRIR TÆKI OG BÚNAÐ LANDSPÍTALA OG SJÚKRAHÚSSINS Á AKUREYRI



Nýr FORD KA á frábæru verði frá 1.890.000 kr.



Skiptu í ferskan, fíman, ferlega skynsaman Ford Ka á frábæru verði. Veldu sparneytinn borgarbil og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika. Komdu bara og prófaðu!

FORD KA

FRÁ
15.866 kr./mán.*



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hó, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtrygðan bílasamning til 7 ára og uppþökubíll / útborgun að verðmæti 950.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,78%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



NÝ SENDING

AF MATARSTELLUM

9 GERÐIR



DAYS SVEFNSÓFI

20% LIÓS



VFRÐ FRÁ 7.990



KOLLAR 20%

TEPPI 20%

the PIER





Í PRENTUN Refillinn verður geymdur í Sögusetrinu á Hvolsvelli en áður þarf að sauma í hann ansi mörg spor.

Vilborg pólfari tekur fyrsta sporið

Útsaumur á refli með myndum úr Njálu er að hefjast á Hvolsvelli.

Fyrsta saumsporið að nýjum níutíu metra löngum Njálurefli verður tekið í Sögusetrinu á Hvolsvelli 2. febrúar af Vilborgu Örne pólfara. Þetta er nýr möguleiki í afþreyingu á Suðurlandi og vonir standa til að með honum verði hægt að auka enn áhuga ferðamanna og íbúa á Njálu.

Það eru Gunnhildur og Christina hjá Fjallasaum ehf. sem eiga hugmyndina að þessari nýjung og hafa þær eytt ómældum tíma í að koma refilsaumnum á laggirnar. Christina var í viðtali á útvarpsstöðinni P4 Värmland í Svíþjóð um framtakið og einnig birtist grein í Värmland Folkblad um refilsauminn.

Að saumaskapnum loknum verður refillinn geymdur í Sögusetrinu á Hvolsvelli.

-gun

MERKISATBURÐIR

1799 Narfi, „gleðispil í þremur flokkum“, er leikinn í fyrsta sinn í Hólavallaskóla. Leikritið er eftir Sigurð Pétursson, brautryðjanda í íslenskri leikritun.

1855 Fyrsta járnbrautarlestin fer frá Atlantshafi til Kyrrahafs á Panama-járnbrautinni.

1887 Í snjókomu við Fort Keogh í Montana-fylki í Bandaríkjunum falla til jarðar stærstu snjókorn sem nokkurn tíma hafa sést á jörðinni, 38 cm breið og 20 cm þykk.

1907 Sláturfélag Suðurlands, SS, er stofnað.

1912 Tólf íþróttafélög stofna Íþróttasamband Íslands í Bábubúð.

1932 Japan hertekur Sjanghæ í seinni heimsstyrjöldinni.

1935 Ísland löggleiðir fóstureyðingar, fyrst allra landa.

1938 Fyrsta skíðalyfta í Bandaríkjunum er tekin í notkun í Vermont.

2008 Jafnréttindafélag Íslands er stofnað.



Í STUÐI Sköpunargleðin er drifandi afl í starfinu hjá krökkunum í Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar.

Krakkarnir leggja sínar hugmyndir í púkk

Sextíu börn eru skráð í Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar. Þar fá þau tækifæri til að beisla sköpunarkraftinn og beina honum í listrænan farveg.

Leiklistin hefur mikið uppeldislegt gildi. Þar er verið að skoða og spegla allar mannlegar hliðar og allt er bundið í orsakasambengi svo krakkarnir læra mjög mikið á sjálfa sig,“ segir Þórhildur Örvarsdóttir söngkona. Hún er yfirkennari Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar sem hún segir einstakan á landsvísu þar sem hann sé fastbundinn atvinnuleikhúsi. Hann hafi verið feikivinsæll frá stofnun árið 2009 og nú séu 60 nemendur skráðir á aldrinum 9-15 ára. „Krakkarnir fá beina tengingu við það sem er að gerast í leikhúsinu, kynna þeim listamönnum sem þar starfa og fá innsýn í mismunandi aðferðir og tækni. Leikarar leikfélagsins leiða hluta kennslunnar auk þess sem eldri hóparnir komast í kynni við gestalistamenn á borð við Sticks&Stones og Kviss Búmm Bang.“

Sjálf byrjaði Þórhildur að kenna við skólann í haust. Hún er söngkennari að mennt en kveðst líka hafa leiðst út í kennslu í leiklist. „Ég var að kenna söng í Listaháskólanum á leiklistarbraut og líka í Kvikmyndaskóla Íslands. Hún Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri hér á Akureyri, var yfirmaður minn þegar ég var í Listaháskólanum og réð mig hér sem kennara,“ útskýrir hún og segir starfið í skólunum fyrir norðan afar skemmtilegt. Áherslan sé á leiklist, söng og dans.

Kennt er í Rýminu en það segir

gun@frettabladid.is

Þórhildur einn af betri leikhússölum landsins af „black-box“ gerðinni. Það sé einstakt að því leyti að hægt sé að breyta salnum án mikillar fyrirhafnar eftir eðli sýninga. „Slík rými eru einstaklega hentug til leiklistarkennslu þar sem þau halda vel utan um hópa sem eru að vinna að ýmiss konar framsetningu leikins efnis,“ segir hún.

„Leiklistarskólinn er þetta árið til einkaður frumsköpun, sem er auðvitað svolítið fínt orð,“ segir Þórhildur glaðlega. „Það sem við eigum við er að krakkarnir eiga sjálfir að koma að sköpun sinnar verka alveg frá upphafi, fá hugmyndir, útfæra þær, búa til handrit og setja upp sýningu. Þannig að þau fá ekki í hendurnar handrit heldur er þeirra ímyndunarafli og sköpunargleði drifandi afl í öllu starfinu. Sýningar sem leikhópar vinna alveg frá grunni eru orðinn svo stór partur af uppsetningum í leikhúsum í dag og það er skylda okkar að kynna það form fyrir krökkunum líka.“

En varla geta 60 krakkar allir komið sínum hugmyndum að, eða hvað? „Jú jú, nemendurnir skiptast í tíu til fimmtán manna hópa. Þar leggja þeir sínar hugmyndir í púkk. Það er einn uppeldislegi þátturinn, að fá hugmyndir og berjast fyrir þeim en einnig að koma auga á hvenær annarra hugmyndir eru góðar og hvenær á að taka við þeim.“



YFIRKENNARINN „Krakkarnir fá beina tengingu við það sem er að gerast í leikhúsinu,“ segir Þórhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR BIRGISSON

ÞETTA GERÐIST: 28. JANÚAR 1985

Hrafn verðlaunaður fyrir Hrafninn flýgur

Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður hlaut Guldbaggen, æðstu verðlaun á sviði kvikmyndaistar í Svíþjóð, þennan mánaðardag, árið 1985, fyrir víkingamyndina Hrafninn flýgur.

Kvikmyndin Hrafninn flýgur var sýnd við góðan orðstír í sænskum kvikmyndahúsum enda voru Svíar meðframleiðendur hennar. Þó þótti sumum Svíum óeðlilegt að Íslendingur fengi þessi eftirsóttu verðlaun.

Hrafninn flýgur fjallar um írskan mann sem fer til Íslands til að hefna sín á víkingum sem drepið höfðu foreldra hans og rænt systur hans þegar hann var á barnsaldri. Tilkomumiklir hamrar, hestar og búningar prýða myndina. Í umsógn sænsku kvikmyndaakademíunnar segir að hún sé „einföld, kraftmikil og öguð“.



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGFÚS JÓNSSON
rafvirkjameistari,

lést á heimili sínu Tjarnarstíg 30, Seltjarnarnesi, þann 20. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 31. janúar, klukkan 13.00.



Þórunn Friðfinnsdóttir
Jórunn Sigfúsdóttir
Stella Sigfúsdóttir
Jón Sigfússon
Kolbrún Edda Sigfúsdóttir
Friðfinnur Gunnar Sigfússon
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásmundur Gústafsson
Heiða Stefánsdóttir
Þorsteinn Kristinn Einarsson



Ástkær dóttir okkar, systir og mágkona,

DR. HEKLA SIGMUNDSDÓTTIR
dósent,
Löngumýri 26, Garðabæ,

sem lést á Landspítala fimmtudaginn 17. janúar, verður jarðsungen frá Digraneskirkju, Kópavogi, föstudaginn 1. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líkarnstofnanir.



Margrét Þorvaldsdóttir
Snorri Sigmundsson
Logi Sigmundsson
Ægir Guðbjarni Sigmundsson

Sigmundur Guðbjarnason
Sara Jewett Sigmundsson
Anna Linda Bjarnadóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



NÝ VEFSÍÐA

Ný vefsíða fyrir erlenda ferðamenn var nýlega tekin í notkun. Hún heitir wheniniceland.com og er tilgangur hennar að auðvelda ferðamönnum að finna þjónustu og afþreyingu við sitt hæfi. Íslensk fyrirtæki geta skráð sig á vefsíðuna sér að kostnaðarlausu.



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkar hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

HJARTAÐ RÆÐUR FÖR

BAÐHÚSIÐ KYNNIR Leikkonan Tristan Gribbin er að fara af stað með hugleiðslunámskeiði í Baðhúsinu. Hún segir hugleiðslu mikilvæga önnum köfnu nútímafólki og hjálpa því að láta hjartað ráða för.

Leikkonan Tristan Gribbin leiðir hugleiðslutíma samkvæmt stundaskrá í Baðhúsinu á miðvikudagskvöldum og er jafnframt að skipuleggja nýja andlega deild Baðhússins. Hún fer af stað með námskeiðið BE THE CHANGE, eða vertu þinnar eigin gæfu smiður, næstkomandi miðvikudag ásamt Sólveigu Eiríksdóttur, eiganda veitingastaðarins Gló. Námskeiðið, sem stendur yfir í fjórar vikur, er kennt þrisvar í viku og er ýmislegt innifalið en hugleiðslutækni Modern Day Meditation notuð sem leiðarljós.

„Námskeiðið er einstaklingsmiðað og fá þátttakendur tækifæri til að breyta lífi sínu og opna á nýja möguleika, en hver og ein hennar sína leið að bættu lífi meðal annars með hjálp hugleiðslu og jóga,“ segir Tristan. Í hugleiðslunni notar hún hreyfingu, tónlist og öndun sem hjálpa til við að ná tökum á henni. „Þá mun Solla, sem ég vil meina að sé leiðandi ljós í heilsuheiminum, vera með fyrirlestur um heilbrigðan lífsstíl og munum við borða saman hollan mat á Gló tvívegis á meðan á námskeiðinu stendur.“

Tristan byrjaði að hugleiða fyrir þrettán árum. Hún segist hafa náð dýpri tengslum við sjálfa sig og að hugleiðslan hafi hjálpað henni að þróa líf sitt á uppbyggilegan hátt. Hún er uppalin í Kaliforníu en kom fyrst til Íslands árið 1995. Hún á íslenskan eiginmann en þau hjónin hafa búið ásamt börnum erlendis síðustu ellefu ár og Tristan kynnst ýmiss konar hugleiðsluáferðum. Við komuna til landsins hafði hún samband við Lindu Pétursdóttur, eiganda Baðhússins, og bar undir hana þá hugmynd að bjóða upp á hugleiðslu. Því var vel tekið enda fer það vel saman við jóga sem nýtur mikilla vinsælda hjá viðskiptavinum stöðvarinnar.

„Modern Day Meditation hentar nútímafólki sérstaklega vel,“ segir Tristan. Hún segir fólk meðvitað eða ómeðvitað rogast með alls kyns tilfinningalegar hindranir sem gera það að verkum að það lifir ekki í þeim kærleika sem það vildi. „Hugleiðslan hreinsar og hjálpar okkur að láta hjartað ráða för. Nútíminn kallar á



það að við hugsum betur um okkur sjálf því flestir upplifa allt of mikla streitu. Þessi tækni er sérstaklega hönnuð til að hjálpa fólki að finna djúpa ró og skýrleika sem hjálpar til við að taka réttar ákvarðanir í lífinu. Þetta er krefjandi vinna sem gefur margfalt til baka.“

Tristan segist sjá mikinn mun á þeim konum sem hafa sótt hugleiðslutímana hennar. „Þær verða afslappaðri og vel-líðanin skín úr andlitum þeirra. Það er ótrúlega fallett og gefandi að sjá þessa breytingu en kjarninn í hugleiðslunni er alltaf sá að fólk fer inn á við og kynnist sjálfu sér betur. Um leið upplifir það innri kærleika og frið.“

BETRA LÍF
Tristan hefur lagt stund á hugleiðslu í þrettán ár.
MYND/GVA

HEFST Á MIÐVIKUDAG

Skráning er á mottaka@badhusid.is og í síma 515 1900. Nánari upplýsingar er einnig að finna á www.badhusid.is.

JEPPARAFAFGEYMAR



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Útsala

20-70% afsláttur

Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

25% afsláttur af Wallhugger stillanlegum rúmum Ath. takmarkað magn

40% afsláttur af teppasettum frá Portúgal

Allt að 50% afsláttur af mjúkvöru, lökum, hlífðardýnum, sængurverasettum, sloppum, handklæðum og lömpum

70% afsláttur af öllum pífum

Valhöll heilsudýna 80x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr. 54.900

ÓTRÚLEGT VERÐ

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

BOAS leðurhægindastólar nú frá kr. 79.900.-



*3.5% lántökugjald

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is s 512 5473 **Sverrir Birgir Sverrisson** sverrirbs@365.is, s 512 5432 **Elsa Jensdóttir** elsaj@365.is s. 512-5427

Barnaheill
Save the Children in Iceland

Vissir þú að...
börn eiga
RÉTTA
HEILBRIGÐUM
LÖNNUM



ÚR HJÚKRUN Í SMÍÐAR
Hildur Ýr hjúkrunarfræðingur endurvakti smíða-áhugann og stundar nú nám í húsgagnasmíði við Tækniskólann.
MYND/VALLI

OKKAR BAKARÍ

GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur

Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakari

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 80 70

FÓR ÚR HJÚKRUN Í HÚSGAGNASMÍÐI

SMÍÐAR Í BÍLSKÚRNUM Hildur Ýr Guðmundsdóttir vakti upp gamlan smíða-áhuga þegar hún dreif sig á námskeið í Tækniskólanum fyrir ári. Nú stundar hún fullt nám í Tækniskólanum og hefur lagt undir sig bílskúrinn.

Bíllinn? Hann kemst ekkert hér inn, ég er að smíða kójur fyrir krakkana núna," segir Hildur Ýr Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur en hún er smám saman að leggja bílskúr fjölskyldunnar undir alls kyns smíðagræjur og tól. Hildur stundar nám í húsgagnasmíði við Tækniskólann en smíðabakterían blossaði upp í henni fyrir ári þegar hún skellti sér á smíðanámskeið fyrir konur í Tækniskólanum.

„Ég velti þessu fyrir mér þegar ég var í Fjölbrot á sínum tíma en þá lá svo sem ekki beinast við fyrir stelpu að fara í smíði, svo ég fór í hjúkrunarfræðina. Ég sé ekkert eftir því en nú er komið að smíðinni," segir Hildur. „Við vorum nýflutt heim frá Bretlandi og ég var heima með lítill börn þegar ég sá námskeiðið auglýst. Það var svo skemmtilegt að ég skráði mig strax í fullt nám," segir Hildur og vonast til

að geta lokið náminu á tveimur árum. Hún þurfi þó að þúsla því saman við stórt heimili en hún á þrjú börn.

„Þetta er bæði bóklegt og verklegt nám en meira verklegt og þar sem ég er búin með stúdentspróf ætti ég að geta lokið þessu fyrr. Svo fer ég bara að víða að mér verkfærum í bílskúrinn," segir hún spök. Hún segist líka sjá um allt viðhald á heimilinu og verslunarferðir í húsgagnabúðir muni sjálfsgat brátt heyrja sögunni til.

„Ja, þeim fer allavega að fækka, ferðunum í Ikea. Nú fer ég bara að gera þetta sjálf. Það er ótrúlega góð tilfinning að búa eitthvað til og líka að geta búið til nákvæmlega það sem mann vantar. Ég vona að ég geti í framtíðinni teiknað mín eigin húsgögn og smíðað og eins heillar mig að gera upp gamalt og laga. Þó það sé sárt að skilja við hjúkrunarfræðina þá er núna draumurinn að vinna við smíðar.“ ■ heida@365.is

TRÉSMÍÐI FYRIR KONUR

Námskeiðið sem kveikti aftur smíða-áhuga Hildar hefst á morgun í Tækniskólanum. Smíðaður er litill eldhúskollur sem nýtist einnig sem hirsla. Námskeiðið er kennt á kvöldin en allar nánari upplýsingar er að finna á www.tskoli.is.

Ný þrjónablöð frá Rauma með íslenskri þýðingu

Amma mús - handavinnuhús

Heildsöludreifing: **Satúrnus ehf**
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opíð mán - fös 9 - 18, lau 11-15

UPPLAGT Í BARNAHERBERGIÐ
Hæglega má fela dótið með kúplunum.

ALLT SLÉTT OG FELLT
Saman mynda kúplarnir skúlptúr.

LOK YFIR DRASLIÐ

■ **FÍNT Á AUGABRAGÐI**
Er allt í drasli? Franska hönnunarteymið Vaulot & Dyèvre sér við því. Hönnuðirnir hafa útbúið hvíta kúpla í þremur stærðum til að smella yfir draslið. Útkoman er stílhrein og sé mörgum kúplum stillt upp saman verður til finasti skúlptúr.

Heimili sem er fullt af drasli getur með hjálp kúplanna fengið skandinavískt yfirbragði. Þeir eru tilvaldir fyrir fólk sem á annrikt eða er latti við daglega tiltekt en auk þess er gott fyrir hvern sem er að geta gripið til þeirra ef gesti ber óvænt að garði.

Kúplana má setja yfir leikföng, bækur, blöð, fatnað, matarleifar eða hvað sem hverjum dettur í hug. Sjá nánar á www.vaulotdyevre.com/

MÁNUDAGUR 28. JANÚAR 2013

ATVINNUMIÐLUN

&RÁÐGJÖF

Kynningarblað Ferilskrár, umsóknir, viðtalstækni,
tengslanet, vinnusmiðja, sérfræðikunnátta og atvinnuleit.



Skiptir miklu að virkja tengslanetið

Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík heldur reglulega vinnusmiðjur fyrir útskriftarnemendur sína til að auðvelda þeim atvinnuleit að loknu námi. Mörgum kemur á óvart hve langan tíma getur tekið að sækja um og fá vinnu. Þá er gott að kunna réttu aðferðirnar til að takast á við vandann.

Markmið okkar er að undirbúa nemendur fyrir vinnumarkaðinn og gefa þeim tólin sem þeir þurfa til að fara út í atvinnuleit. Hvernig þeir eigi að bera sig að, markaðssetja sig og byggja upp starfsferilinn,“ segir Andri Tómas Gunnarsson, umsjónarmaður atvinnuþjónustu HR. Þá segir hann einnig mikilvægt að nemendur viti út í hvað þeir eru að fara. „Margir fá sjokk þegar þeir fara að leita eftir vinnu. Sumir halda að þetta verði auðvelt sem það er yfirleitt ekki og tekur mun lengri tíma en margir gera sér grein fyrir,“ útskýrir Andri.

Til að koma þessum upplýsingum til skila til nemenda eru reglulega haldnar vinnusmiðjur í skólanum en ein slík verður haldin í HR á miðvikudaginn frá 15.30 til 17 í stofu M 105. „Við byrjum á klukkutíma yfirferð yfir praktísk atriði varðandi ferilskrár, virkjun tengslanets, klæðnað, framkomu, atvinnuviðtalið sjálft og eftirfylgni. Þá munum við kortleggja þrjú störf með nemendum, draumastarfið, raunhæft starf og það starf sem þau myndu sætta sig við,“ telur Andri

upp. Vinnusmiðjan er opin fyrir masters- og BS-nema og er aðallega hönnuð fyrir nemendur sem eru að útskrifast núna. „Þó mæta einhverjir nemendur sem útskrifuðust síðasta sumar og hefur gengið illa að finna vinnu.“ Andri segir vinnusmiðjurnar gefa góða raun enda þiggi nemendur slíka hjálp með þökkum.

En hvað kemur nemendur helst á óvart á slíkum vinnusmiðjum? „Margir misskilja til dæmis virkjun tengslanetsins. Nemendum finnst sem þeir séu ekki að komast áfram af eigin verðleikum ef þeir nýta sér kunningskap. Þetta er ekki rétt því með því eru þeir aðeins að fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Það kemst síðan enginn neitt áfram nema verðleikarnir séu til staðar,“ telur Andri. Hann segir einnig koma fólki á óvart hve margar umsóknir þarf til að fá svar. „Við höfum aðeins erlendar tölur til að miða við en í breskri könnun kom í ljós að útskriftarnemar senda að meðaltali fimmtíu til sextíu umsóknir en fá aðeins um sex svör til baka. Og þar af kannski þrjú jákvæð,“ segir Andri

og bendir á að nemendur séu ákaflega hissa þegar þeir fá ekkert svar við umsóknum, ekki einu sinni neitun. „Þá er mikilvægt að fólk taki því ekki persónulega, gefist upp og haldi að það þyki ekki nógu hæft. Það getur verið að búið sé að ráða í starfið innanhúss eða að starfið hafi verið öðrum ætlað frá upphafi,“ segir Andri. Hann segir mikilvægt að nemendur átti sig á því hvernig markaðurinn gangi fyrir sig. „Fólk verður að búa sér til sín eigin tækifæri. Þau störf sem eru auglýst eru aðeins þrjátíu til fjórutíu prósent þeirra sem eru í boði. Því þarf að virkja tengslanetið til að fá upplýsingar um önnur laus störf sem jafnvel eru aðeins auglýst innan fyrirtækja.“

Andri fær til liðs við sig tvo sérfræðinga í vinnusmiðjuna á miðvikudaginn, annars vegar Báru Mjöll Ágústsdóttur, forstöðumann mannauðsdeildar Samskipa, og hins vegar Öldu Sigurðardóttur, sem starfar sem stjórnendamarkeðingur. Þær munu svara spurningum nemenda og gefa innsýn inn í það sem stjórnendur leita eftir í fari umsækjenda.



„Margir fá sjokk þegar þeir fara að leita eftir vinnu. Sumir halda að þetta verði auðvelt sem það er yfirleitt ekki og tekur mun lengri tíma en margir gera sér grein fyrir,“ segir Andri Tómas Gunnarsson, umsjónarmaður atvinnuþjónustu HR. MYND/GVA

Ný leið í þjónustu við atvinnuleitendur

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem tók til starfa á síðasta ári og þjónustar fjórðung atvinnuleitenda í landinu.

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF) er tæplega árgamalt fyrirtæki sem stofnsett var af Samtökum atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) í kjölfar samkomulags milli þeirra, Vinnumálastofnunar og velferðaráðuneytisins um að efnt skyldi til þriggja ára tilraunaverkefnis. Verkefnið tók yfir þjónustu af Vinnumálastofnun rúmlega fjórðungs atvinnuleitenda sem tilheyra tilteknum stéttarfélagum og fer þjónustan fram í miðstöðvum þessara stéttarféлага. Markmiðið er að efla áhersluna á vinnumiðlunarþáttinn og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum og auka þannig líkurnar á að atvinnuleitendur komist aftur til starfa.

Aðalverkefnið að finna störf

STARF er framkvæmdaraðili verkefnisins, annast faglega stýringu þess, en atvinnuráðgjafar STARFs eru staðsettir í fjórum þjónustumiðstöðvum á vegum stéttarfélaganna er taka þátt í verkefninu. Á höfuðborgarsvæðinu eru tvær miðstöðvar, önnur hjá VR og hin hjá iðnfélögum. Þriðja miðstöðin er hjá VSFK í Reykjanesbæ og þjónustar fimm stéttarfélög á svæðinu og sú fjórða er hjá Afli starfsgreinafélagi á Egilsstöðum og þjónustar stéttarfélög á Austurlandi.

Rætt var við rekstrarhagfræðinginn Þorstein Fr. Sigurðsson sem er framkvæmdastjóri STARFs, en fyrr starfaði hann sem framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

„Þjónustan hófst í byrjun ágúst



Þorstein Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Starfs, ásamt samstarfskonu sinni, Sigríði Agnesi Jónasdóttur sérfræðingi. MYND/GVA

og hefur gengið ágætlega. Grunnurinn eru vel menntaðir atvinnuráðgjafar sem standa sig frábærglega. Álagið er mikið, verkið ekki einfalt og það tók tíma að læra á umhverfið og fá allt til að virka,“ segir Þorsteinn.

Og hefur gengið að finna störf fyrir fólk? „Það er aðalverkefnið og mjakast, þó við höfum vissulega staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að of fá störf verða til á vinnumarkaðinum og gerir það

starfið ekki auðvelt. Við trúum því þó að ástandið fari batnandi.“

Þjónustan nær atvinnuleitendum

Af hverju þetta tilraunaverkefni? „Jú það er sannfæring þeirra samtaka er að STARFi standa að minni þjónustukjarnar á vegum stéttarfélaganna sem þegar eru að bjóða félögum sínum margvíslega aðra þjónustu geri einstaklingunum það léttara að sækja þjónustuna þangað en til

stórrar stofnunar. Þarna er betri þekking til staðar á þörfum, fagþekkingu, reynslu og bakgrunni fólks og þægilegra að vísa á aðra þjónustu sem er í boði innan félaganna. Þannig eru meiri möguleikar á að unnt sé að vísa atvinnurekendum á atvinnuleitendur sem þeir eru að leita eftir og hafa þeirra kröfum.“

Er STARF þá í samkeppni við Vinnumálastofnun og er verið að einkavæða þessa þjónustu?

„STARF er ekki í samkeppni við Vinnumálastofnun, heldur í samstarfi. Það er verið að leita nýrra leiða til að þjónusta atvinnuleitendur, fara í minni þjónustueiningar með ákveðinni sérhæfingu. Þjónustan er færð nær atvinnuleitendum yfir í umhverfi sem þeir eiga að finna sig betur í og sækja aðra þjónustu til, það er stéttarfélaganna. Með þessu verður þjónustan persónulegri og markvissari.“

Þó að samtökin sem að verkefninu standa hafi valið rekstrarfélaginu félagið „ehf.“ og verkefnið færir frá ríkisstofnun er þetta ekki einkavæðing, enda bæði samtökin SA og ASÍ fjölda-hreyfingar atvinnurekenda og launafólks í landinu.

Liðsstyrkur

STARF er aðili að verkefninu Liðsstyrkur. „Þessa dagana er áherslan á það verkefni, en það gengur út á að koma atvinnuleitendum, sem eru að missa bótarétt sinn, í tímabundið starf og fá atvinnurekendur fjárstuðning því samfara. Þetta er afar mikilvægt verkefni sem mun vara út árið og ríki, sveitarfélög og atvinnurekendur hafa tekið vel við sér og senda inn störf sem STARF og Vinnumálastofnun finna síðan hæfa atvinnuleitendur í. Verkefnið er stórt og ógrandi að takast á við og byrjun þess lofar góðu,“ segir Þorsteinn. Frekari upplýsingar um STARF má finna á: www.starfid.is. Upplýsingar um verkefnið Liðsstyrkur er að finna á www.liðsstyrkur.is.

BÍLSKÚRSHURÐIR

MÁNUDAGUR 28. JANÚAR 2013

Kynningarblað Sérsmíði, stórfyrirtæki sem byrjuðu í bílskúr og öryggisatriði.



Góður bílskúr getur stækkað íbúðina

Margir bílskúrar nýtast illa og eru oft fullir af gömlu drasli. Með smá hugmyndaflugi og vinnu má breyta skítugum bílskúr fullum af drasli í gagnlega framlengingu af íbúðarhúsnæðinu.

Allt of mörgum hættir til að líta á bílskúra sem hentug og stór geymslupláss fyrir ýmsa misgagnlega hluti sem oft verða aldrei notaðir aftur. Ef fjölskyldumeðlimir vilja ekki henda gömlum munum eða húsgögnum lenda þeir gjarnan inni í bílskúr þar til einhver vill mögulega nýta viðkomandi hlut síðar. Sjaldan gerist það og því eru bílskúrar oft fullir af ónýtu drasli eða hlutum sem enginn mun nota. Bílskúra er hins vegar hægt að nýta til margra betri og skemmtilegri hluta eins og listinn hér gefur til kynna.



Leikherbergi fjölskyldunnar

Bílskúr er auðveldlega hægt að breyta í skemmtilegt leikherbergi fyrir alla fjölskylduna. Biljarborð og borðtennisborð henta sérstaklega

vel í bílskúrinn enda plássfrel. Hægt er að hengja píluspjaldið upp á vegg og finna dúk fyrir breikdansarann í fjölskyldunni. Ef aukasjónvarp er til staðar má tengja það við leikjatólvuna og stilla styrkinn hátt. Síðan má innrétta hluta bílskúrsins fyrir leikskólabörnin og útbúa leikhorn. Golfarar geta æft þúttið og boltafólkið getur æft knattrak og spyrnur. Góður sófi skemmir ekki fyrir og borð og stólar þjóna pókerspilurum og öðru spilafólki á öllum aldri.

Heimaskrifstofa

Þeir sem stunda eigin atvinnurekstur eða vinna mikið heima fyrir ættu að íhuga þann kost að koma fyrir góðri vinnuadstöðu í bílskúrnum. Það er ekki nauðsynlegt að leggja allan skúrinn undir slíka aðstöðu en það fer auðvitað eftir starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða starfi þess sem nýtir sér aðstöðuna. Yfirleitt dugir að hafa gott borð og stól, tengingar fyrir tölvu og nokkrar hillur. Krass-tafla, mjúkur sófi, tímaritakarfa hjálpa líka oft til og ekki má gleyma kaffikönnu og litlum ísskáp til að næra líkama og sál. Ef við á er einnig hægt að nýta bílskúrinn undir lager atvinnurekstursins.



Líkamsrækt í skúrnum

Nú er hægt að draga hlaupahjólíð út í skúr og sækja sippubandið og lóðin. Það er mjög einfalt að breyta bílskúrnum í litla og einfalda líkamsræktarstöð. Hægt er að stunda leikfimi með aðstoð sjónvarps eða útvarps, sippa undir dúndrandi tónlist og lyfta lóðum. Ef fjölskyldumeðlimir eiga hjólabretti, æfingastöðvar og handlód er skúrinn rétti staðurinn. Kosturinn við




slíka líkamsræktarstöð er að allir fjölskyldumeðlimir geta tekið þátt og svitnað saman. Framtakssamir bílskúrseigendur geta síðan útbúið sturtuklefa í skúrnum og þá er allt til reiðu.

Bílskúrböndin

Margir vinsælar hljómsveitir (og óþekktar reyndar líka) hófu tónlistarferil sinn í bílskúrnum enda yfirleitt afar hentugt æfingarhús-

næði ef nágrannarnir eru sæmlega skilningsríkir. Ef gluggar eru á bílskúrnum þykir sjálfsgöð kurteisi að hylja þá með hljóðdeyfandi hlutum eins og dýnum eða koddum. Upprennandi tónlistarstjórnur þurfa auðvitað sófa og lítinn ísskáp undir léttar veitingar sem örva sköpunargleðina. Svo er alltaf stutt í ísskápinn heima ef hljómsveitar-meðlimir eru mjög svangir og ísskápurnir í skúrnum er tómur.



limtrevirnet.is

Andlit hússins

-fallegar og sterkar bílskúrshurðir frá Límtré Vírnet

- stuttur afgreiðslutími
- hurðaoþnarnar
- lagerlitur hvítur, boðið upp á málun
- boðið upp á uppsetningu
- gluggar, bæði íkomnir og í lausu

Bílskúrshurðir frá Límtré Vírnet fást í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt



Límtré Vírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Víkurhvarf 8 - 203 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is



Hægt er að fá hurðir frá Límtré Vírnet í mörgum litum og stærðum og val er milli þriggja gluggategunda.

Gæðahurðir á methraða

Límtré Vírnet ehf. starfrækir samsetningarverksmiðju í Borgarnesi þar sem bílskúrshurðir eru sérsniðnar eftir pöntun á methraða.

Límtré Vírnet ehf. býður upp á bílskúrshurðir samsettar á Íslandi. Um er að ræða hefðbundnar flekahurðir sem ganga upp og inn í brautum. Efnið í hurðirnar kemur frá Amarr Garage Doors í Bandaríkjunum. „Í verksmiðju okkar í Borgarnesi er efnið í hverja hurð valið saman og sniðið að þeim bílskúrsdyrum sem hurðin á að loka,“ segir Einar Óskarsson hjá Límtré Vírnet ehf.

Hurðirnar eru settar saman úr nokkrum flekum sem eru 36 millimetra þykkir. Ytra og innra byrði er byggt úr galvaníseruðu og lituðu stáli með polystyreneinangrun á milli. Hægt er að fá þrjár gerðir glugga í hurðirnar og lit að eigin vali eftir RAL-lita-

kerfinu en staðallitur hurðanna er hvítur.

Afgreiðslutími er stuttur eða frá fjórum og upp í tíu daga, allt eftir gerð og umfangi hverrar pöntunar. „Með hurðunum eigum við svo mótordrif frá MHouse á Ítalíu. Þau eru framleidd með öryggi, endingu og gæði í huga og fylgja tvær fjarstýringar hverju drifi.“

Límtré Vírnet er einnig með stærri iðnaðarhurðir frá Lindab í Danmörku sem eru sérsmiðaðar fyrir hvert hurðargat. „Hægt er að fá þær með gluggum og göngu-hurð eftir óskum hvers og eins. Hurðirnar henta vel fyrir stærri sem smærri iðnaðarhús ásamt landbúnaðarbyggingum þar sem kröfur eru gerðar til styrks, öryggis og áreiðanleika.“

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lökk. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lökk. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lökk. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulfrú



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufulfrú



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Flétturimi 9 **26,9 m.**
Opið hús fimmtudaginn 31.01. kl. 17:30 - 18:00




Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá

- Rúmgóð 3-4 herb., 114,5 fm
- Innangengt í lokað bílskýli
- Þvottahús innan eignar
- Stór SV verönd
- Möguleiki á skiptum á dýrari eign innan hverfis

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

Glæsihús á Seltjarnarnesi

Eignamiðlun kynnr: Glæsilegt og sérstaklega vandað 451 fm nýlegt einbýlishús við Lindarbraut á Seltjarnarnesi.



Einkar vandað einbýlishús við Lindarbraut á Seltjarnarnesi.

Húsið er fullbúið og lóðin með vonduðum harðviðarþöllum og steypu plani. Mikil lofthæð og falleg hönnun einkenna húsið. Tveggja herbergja íbúð er inn af jarðhæð og unglindaherbergi í kjallara með sérbaðherbergi sem gerir húsið einkar fjölskylduvænt.

Á jarðhæð, sem er aðalhlæð, er komið inn á gott flísalagt hol. Þar er gestasnyrting og fataskápur. Íbúðin er parketlögð með stofu, eldhúskrók, svefnherbergi og flísalögðu baðherbergi.

Úr holi er einnig gengið í einkar glæsilega og bjarta stofu með gasarni og steinahleðslu á veggjum að hluta. Vandað parkett er á gólfum. Inn af stofu er svo opið yfir í vandað og rúmgott eldhús og borðstofu með parketti á gólfum og stórum gluggum. Opið

er út í garð með rennihurðum. Á hæðinni er eitt svefnherbergi og sjónvarpsstofa með parketti á gólfum og mikilli lofthæð. Auðvelt væri að útbúa herbergi þar sem sjónvarpsstofan er. Baðherbergið á hæðinni er glæsilegt með flísum í hólfi og gólf og innréttingum, baðkari og innbyggðri sturtu. Úr holi er svo bjartur stigi upp í risi með loftgluggum. Í risi

er stór hjónasvita með þremur innbyggðum fataskápum og gengið út á stórar svalir. Svítan er parkettlögð og um 60 fm samkvæmt teikningu. Lofthæð er góð og þakgluggar yfir að hluta.

Allar nánari upplýsingar um eignina utan opnunartíma gefur Hilmar Þór Hafsteinnsson, lög-giltur fasteignasali, í síma 824-9098 eða hilmar@eignamiðlun.is.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081

Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lökk. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Stórikriki 10 - 270 Mosfellsbær

OPIÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Glæsilegt 225,6 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Stórikriki 10 í Mosfellsbæ. Eignin er mjög vel skipulögð með fallegri innfelldri lýsingu og mikilli lofthæð, glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. **V. 62,9 m.**

Miðholt 11, íbúð 303 - 270 Mosfellsbær

OPIÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

94,8 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu, tvö rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpshol sem er auðvelt að breyta í svefnherbergi. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 20,9 m.**

Laufengi 15, íbúð 302 - 112 Reykjavík


OPIÐ HÚS Þriðjudag

Opið hús þriðjudaginn 29. janúar frá kl. 17:00 til 17:30

Björt og falleg 93,5 m², 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Laufengi 15 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 21,7 m.**



Ársalir 1, íbúð 901 - 201 Kópavogur
Mjög glæsilegt 100 m² 3ja herbergja íbúð á 9. hæð í vonduðu lyftuhúsi við Ársali 1 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofuhól, tvö rúmgóð svefnherbergi, góða stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús ásamt geymslu. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Mikil útsýni er úr íbúðinni til suðurs og austurs. **V. 28,9 m.**



Þórðarsveigur 15 - 113 Reykjavík
Falleg og björt 91,7 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt bílastæði í bílarkjallara við Þórðarsveig 15 í Reykjavík. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, stofu, eldhús og borðstofu. Íbúðinni fylgir 8,1 m² sérgeymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax. 23,5 m.**



Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur
Sérlega glæsilegt og vel skipulagt 290,6 m² einbýlishús á 2 hæðum á flottum stað við Bæjarlind 14-16 í Kópavogi. Eignin þarfnast standsetningar en hún er án gólfefna og í raun tilbúin til innréttinga að mestu leyti. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 19,9 m.**



Órvasalir 3 - 201 Kópavogur
Sérlega glæsilegt og vel skipulagt 290,6 m² einbýlishús á 2 hæðum á flottum stað við Órvasali 3 í Kópavogi. Eignin er í byggingu og selst í því ástandi sem hún er í dag. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 48,9 m.**

Hvammgerði 1 - 108 Reykjavík

Mjög fallegt 160,4 m² einbýlishús á 2 hæðum með aukaíbúð í kjallara ásamt 36,8 m² bílskúr við Hvammgerði 1 í Reykjavík. Fallegar innréttingar og gólfefni. Góðar timburverandir eru við húsið. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 44,9 m.**

Suðurrhólar 35A, íbúð 201- 111

Reykjavík Mjög falleg 86,1 m², 3ja herbergja íbúð með sérinnangi og svölum í suður á 2. hæð við Suðurrhóla 35A í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, geymslu/þvottahús (innan íbúðar), eldhús og stofu. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 22,9 m.**

Laxatunga 7 - 270 Mosfellsbær

Fallegt 203,4 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr á stórrí lóð við Laxatungu 7 í Mosfellsbæ. Húsið er mjög smekklega hannað, mjög mikil lofthæð sem gerir húsið mjög glæsilegt. Garður er þökulagður og með miklum trjágróðri. **V. 53,5 m.**

Krókabyggð 17 - 270 Mosfellsbær

Glæsilegt 97,2 m² endaráhús á stórrí eignarlóð við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, gott hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymslu. Falleg aðkoma, stór suðvesturlóð og pallur. **V. 32,9 m.**

Hesthamrar 8 - 112 Reykjavík

212,6 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Hesthamra 8 í Reykjavík. Gott skipulag. 3-4 svefnherbergi. Sólskáli með arinstæði. Gróinn garður með timburverndum. Stórt hellulagt bílplan. Eignin er laus til afhendingar strax. Húsið þarfnast lagfæringar að innan. **V. 44,9 m.**



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórolfsson
Söluþáttur
pall@fastmark.is



Viggó Sigursteinsson
Söluþáttur
vigg@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2JA HERBERGJA



AUSTURSTRÖND – SELTJARNARNESI

- 62,5 fm. íbúð á 5.hæð auk 4,6 fm. sér geymslu.
- Lyftuhús.
- Björt stofa. Sjónvarpshol og rúmgott svefnherbergi.
- Svalir með frábæru útsýni til norðurs. **19,9 millj.**

3JA HERBERGJA



ASPARÁS – GARDABÆ

- Vönduð 116,0 fm íbúð á efri hæð að meðtalinni 66,7 fm. sér geymslu.
- Sérinnangangur.
- Innréttuð eftir teikn. frá innanhússarkitekt. **36,9 millj.**
- Falleg staðsetning við opið svæði með útsýni að Reykjanesi.

4RA – 6 HERBERGJA



STRAUMSALIR – KÓPAVOGI

- 5 herbergja 129,8 fm. íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi.
- 4 svefnherbergi.
- Mahogny í eldhúsinnréttingu, skápum og hurðum.
- Stórkostleg útsýni. **36,9 millj.**

SÉRBÝLI



ASPARHVARF – KÓPAVOGI

- 243,1 fm. parhús ásamt 34,6 fm. innb. bílskúr.
- Tvennar stórar svalir. Stórar verandir.
- Innréttuð á afar vandaðan máta.
- Glæsileg eign á útsýnisstað. **69,9 millj.**



BRÆÐRABORGARSTÍGUR – REYKJAVÍK

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **26,9 millj.**



VATNSSTÍGUR – REYKJAVÍK

- Fallegt uppert steinhús í hjarta miðborgarinnar.
- 108,2 fm. endurnýjuð íbúð á 2. hæð.
- Vandaðar sérsníðaðar innréttingar.
- Íbúðin var endurnýjuð á afar vandaðan máta árið 2010. **36,9 millj.**



SAFAMÝRI – REYKJAVÍK

- 118,6 fm. neðri sérhæð auk sér geymslu í kjallara.
- 28,4 fm. bílskúr, innréttuð sem studióíbúð.
- 4 svefnherbergi.
- Svalir til suðurs og vesturs. **38,9 millj.**



HAMRABERG – REYKJAVÍK.

- 128,2 fm parhús á tveimur hæðum.
- Þrjú svefnherbergi.
- Góður afgirtur garður.
- Rólegt og barnvænt hverfi. **35,3 millj.**



NÝBÝLAVEGUR – KÓPAVOGI

- 52,1 fm. íbúð ásamt 9,4 fm. íbúðarherbergi á jarðhæð og 15,9 fm. þvottaherb./geymslu.
- 20,9 fm. bílskúr.
- Nýleg innrétting í eldhúsi.
- Suðursvalir. **22,9 millj.**



LINDARBRAUT – SELTJARNARNESI

- 74,0 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara á sunnanverðu Seltjarnarnesi.
- Útsýni úr íbúðinni út á sjó til suðurs og vesturs.
- Sérinnangangur.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir. **21,9 millj.**



MELALIND – KÓPAVOGI

- 4ra herbergja glæsileg útsýnisíbúð á 2. hæð.
- Endaíbúð með gluggum í þrjár áttir.
- 27,6 fm. bílskúr.
- Stórar yfirbyggðar svalir til suðurs með góðu útsýni. **39,5 millj.**



HOLTAGERÐI – KÓPAVOGI

- 221,0 fm. steniklætt einbýlishús að meðt. 60,0 fm. bílskúr.
- 4 svefnherbergi.
- Skjólsæll garður með um 70 fm. verönd.
- Hellulögð aðkoma. **45,9 millj.**



RAÐAVAÐ – REYKJAVÍK

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinnangangur auk sér stæðis í bílageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottaherbergi innan íbúðar. **23,9 millj.**



BREKKULÆKUR – REYKJAVÍK

- 106,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni 11,5 fm. sér geymslu.
- Stórar austursvalir út af stofu.
- Nýlegir gluggar, þak og skolplagnir frá húsi. **28,5 millj.**
- Göngufæri í sundlaug. Stutt í alla þjónustu.



ESPIGERÐI – REYKJAVÍK

- 158,6 fm. íbúð á tveimur hæðum auk 7,5 fm. sér geymslu.
- Sér stæði í bílageymslu.
- Þrennar svalir, útsýni yfir borgina.
- Húsvörður. **39,5 millj.**



